

# Kennaradeild Háskólans á Akureyri

## 1993–2023

– Afmælisrit –



Bragi Guðmundsson

Bragi Guðmundsson

**Kennaradeild  
Háskólans á Akureyri  
1993–2023**

– Afmælisrit –

## Efnisyfirlit

Aðalhöfundur og ritstjóri: Bragi Guðmundsson  
Myndritstjórn: Bragi Guðmundsson  
Myndvinnsla og umbrot: Margrét Káradóttir  
Myndaskrá: Bragi Guðmundsson  
Nafnaskrá: Bragi Guðmundsson  
Prófarkarlestur: Finnur Friðriksson

Horft um öxl – og fram á veg.....	7
Inngangur .....	10
Saga og skipulag .....	12
Stofnun Kennaradeildar HA.....	12
Þrjátíu ár, 1993–2023 .....	24
Grunnskólabraut .....	34
Leikskólabraut .....	37
Fimm ára kennaranám .....	44
Framhaldsnám .....	48
Skólaþróunarsvið .....	53
Framlag til fræða og samfélags.....	55
Magister – félag kennaranema .....	64
Húsnæði og önnur aðstaða .....	69
Starfsfólk Kennaradeildar Háskólans á Akureyri 1993–2023 .....	77
Myndaskrá.....	81
Nafnaskrá .....	85

Rit þetta má afrita að fengnu leyfi ritstjóra og útgefanda.

ISBN: 978-9935-505-20-0

Háskólinn á Akureyri – Kennaradeild

2024

## **Horft um öxl – og fram á veg**

Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir

Það er ótrúlegt til þess að hugsa að 30 ár séu liðin síðan kennara-deild var stofnuð við Háskólann á Akureyri. Árið 1985 flutti ég frá Akureyri til Reykjavíkur gagngert til að hefja kennaranám við Kennaraháskóla Íslands, sem þá var eina stofnun landsins sem bauð upp á kennaranám. Það var áskorun að flytja að heiman og standa á eigin fótum í höfuðborginni en það var einnig farsælt skref í átt að kennarastarfini sem hefur verið ævistarfl mitt. Ég man hins vegar að ég hugsaði með mér áður en ég lagði land undir fót að það hefði nú verið gott að geta farið í nám í heimabyggð.

Það var þá óraunhæf draumhyggja að mínu viti að boðið yrði upp á slíkt nám á Akureyri þó annað kæmi á daginn nokkrum árum síðar. Það var mikill kennaraskortur á landsbyggðinni um og upp úr 1990 og helstu rök fyrir stofnun kennaradeilda við Háskólann á Akureyri voru að bæta úr honum. Ég fylgdist með stofnun deildarinnar úr fjarska, var forvitin um afdrif þessa nýja náms í heimabæ mínum og spennt að sjá hvernig það myndi þróast. Níu árum síðar kynntist ég starfi deildarinnar þegar ég flutti aftur til Akureyrar, fyrst sem nemandi í framhaldsnámi, síðar sem kennari við deildina og nú sem deildarforseti. Þannig hef ég fengið innsýn í starf deildarinnar frá mörgum sjónarhornum og hef orðið vitni að metnaðarfullu starfi og einbeittum vilja til þróunar.

Í aðdraganda þrjátíu ára afmælisins haustið 2023 var skipuð nefnd til að skipuleggja málþing og afmælisboð sem haldið var í hátiðarsal Háskólans á Akureyri 18. október. Þar fluttu bæði fyrrverandi og nú-verandi kennrarar og nemendur deildarinnar erindi. Í nefndinni voru Anna Elísia Hreiðarsdóttir lektor, Brynhildur Þórarinsdóttir dósent og Bragi Guðmundsson, prófessor í sagnfræði, nú elsti starfsmaður deildarinnar. Hann var þá tekinn til við að skrifa sögu hennar sem birtist hér. Þótt árin að baki séu ekki mörg er þetta saga mikilla umbreytinga



Birna María Brattberg  
Svanbjörnsdóttir, forseti  
Kennaradeilda Háskólans  
á Akureyri



Það var glatt á hjalla í Miðborg HA að loknu afmælismálþingi Kennaradeilda 18. október 2023.

og áskorana, tímabil sem hefur einkennst af uppyggjandi hugarfari, nýsköpun og lausnaleit við að mæta kröfum menntayfirvalda, nýjum lögum og þörfum nemenda og kennara og skólasamfélagsins á hverjum tíma. Daemi um þetta mátti ekki síst heyra í erindum nemenda á afmælishátiðinni þar sem þeir lýstu metnaðarfullu starfi, eignarhaldi á náminu og viljakrafti og samstöðu við að mæta kröfum samtímans hverju sinni.

Haustið 1993 hófu 77 nemar nám á grunnskólabraut undir forstu Guðmundar Heiðars Frímannssonar, sem var fyrsti forstöðumaður hinnar nýju deildar. Haustið 2023 voru nemarnir 426 á tveimur kjörsviðum í grunnnámi til BEd-gráðu, í tveggja ára MEd- og MT-námi til kennsluréttinda og í MA-námi, sem er rannsóknarmiðað framhaldsnám fyrir þau sem hafa kennsluréttindi. Flestir nemar deildarinnar eru í meistaranámi til kennsluréttinda, ýmist með BEd-, BA- eða BS-bakgrunn. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að námið byggist á traustum fræðilegum grunni þar sem fræði og starf á vettvangi er samofin. Í kennslustefnu deildarinnar segir að markmiðið sé að „mennta kennara sem geta lagt gagnrýnið og ígrundað mat á menntamál og kennslu.“

Á fyrstu árum deildarinnar var áherslan í starfi kennara hennar einkum að móta og þróa kennsluna og vettvangsnámið og byggja upp traust samstarf milli deildarinnar og skólasamfélagsins. Þegar Skólaþróunarsviðið kom til sögunnar, fyrst sem hluti af Kennaradeild en síðar sem sjálfstæð eining innan Hug- og félagsvísindasviðs, urðu samlegðaráhrif mikil því hlutverk þess er að veita kennsluráðgjöf og styðja við þróunarstarf í skólum. Með árunum hefur vægi rannsókna aukist. Flestir kennrarar deildarinnar hafa doktorspróf, taka þátt í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi með styrkjum úr samkeppnissjóðum og stunda rannsóknir af miklum krafti samhliða kennslu. Kennaradeild Háskólans á Akureyri hefur sannað gildi sitt með öflugu námsramboði og fjölda nemenda sem koma víðsvegar að. Næsta skref er að fá heimild til að bjóða upp á doktorsnám við deildina. Það er eðlileg viðbót við það nám sem nú þegar er í boði og ákall er eftir því í fræðasamféluginu og frá nemendum og starfandi kennurum. Doktorsnám myndi einnig styrkja innviði Kennaradeilda enn frekar með auknum rannsóknum og breiðari grunni og styðja við menntaumhverfi, bæði svæðisbundið og um allt land.

Ég óska Kennaradeild Háskólans á Akureyri til hamingju með 30 ára afmælið og bið henni velfarnaðar um ókomna tíð.



Sólveig Birna Elísabetardóttir, fyrrverandi formaður Magisters, félags kennaranema, og páverandi formaður Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, skar afmæliskóku ofan í viðstadda.



Bragi Guðmundsson,  
professor við  
Kennaradeild HA.

## Inngangur

Vaxtarsproti formlegrar kennaramenntunar á Íslandi leit dagsins ljós í gagnfræðaskólanum í Flensborg í Hafnarfirði á vordögum árið 1892. Þá var lagt af stað með sex vikna námskeið í kennslufræði fyrir þau sem lokið höfðu prófi úr gagnfraeðaskóla, búnaðarskóla eða kvennaskóla. Aðsókn var ekki mikil en fjórum árum síðar var námið lengt í heilt ár og sú var skipanin uns Kennaraskóli Íslands var stofnadoður árið 1908. Hann var fyrst þriggja ára skóli en var seinna lengdur um eitt ár. Kennaraskólinn annaðist menntun barnaskólakennara, það er þeirra kennara sem ætluðu sér starfsvettvang á skyldunámsstigi. Hann var færður á háskólastig árið 1971 og nefndist eftir það Kennaraháskóli Íslands uns hann var sameinaður Háskóla Íslands árið 2008 og varð að Menntavísindasviði innan hans.

Tuttugasta öldin var tími mikilla breytinga til lands og sjávar. Attvinnuhættir umþyltust og þjóðin flutti hraðfara úr sveitum landsins í ört stækandi þéttbýli við ströndina, sérstaklega við sunnanverðan Faxaflóa. Karlar sóttu sér vinnu utan heimilis og brátt gerðu konurnar það líka. Uppeldisaðstæður margra barna í þéttbýli urðu óviðunandi og til þess að mæta brynni dagvistunarþörf var tekið að stofna barnahemili af ýmsu tagi. Mikill skortur var á menntaðri kennarastétt til þess að vinna með ungum börnum og Uppeldisskóli Sumargjafar var stofnadoður árið 1946. Nafn hans breyttist með tímanum í Fóstruskóla Íslands og enn síðar Fósturskóla Íslands. Með Uppeldisskólanum og arfstökum hans voru komnir tveir skólar sem sinntu grunnmenntun kennara yngstu barnanna og þeirra sem skólaskyld voru.

Í þessu riti verður sagt frá þriðju stofnuninni sem tók til starfa á þessum vettvangi. Háskólinn á Akureyri (HA) var stofnaður árið 1987 og kennaradeild við þann skóla, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, varð að veruleika sex árum síðar. Upphaflega menntaði hún aðeins grunnskólakennara til starfa en mjög fljótt bættust bæði leikskóla- og framhaldsskólakennrarar í hópinn.


Efnisskipan er á þann veg að í meginkafla bókarinnar er sagt frá aðdragandanum að stofnun Kennaradeilda HA og síðan er drepið á nokkra þætti í þrjátíu ára starfssögu hennar. Til hægðarauka er þessum aðalkafla skipt í nokkra undirkalpa sem að mestu taka mið af starfseiningum deildarinnar á hverjum tíma. Í þriðja kafla er reynt að leggja nokkurt mat á gildi deildarinnar og framlag hennar til skólasamfélagsins nær sem fjær. Fjórði kaflinn er tileinkaður Magister, félagi kennaranema og saminn af forystuliði þess. Þar er almenn frásögn af starfsemi og hlutverkum félagsins auk formannaskrár. Í fimmta kafla er rætt um húsnæði og annan aðbúnað í tímans rás en síðust er skrá um fasta starfsmenn Kennaradeilda HA í þrjátíu ár. Í bókarlok eru mynda- og nafnaskrár en heimildatilvísanir neðanmáls koma í stað hefðbundinnar heimildaskrár. Inn í meginmálið er sums staðar skotið rammagreinum. Þær eiga allar uppruna í erindum sem flutt voru á þrjátíu ára afmælishátið deildarinnar í hátfíðarsal Háskólans á Akureyri þann 18. október 2023.

Efnisafmörkun, að undanskildum aðdraganda að stofnun deildarinnar, miðast að jafnaði við tímabilið frá hausti 1993 til hausts 2023.

Mikið hagraði við efnissöfnun var að því að í 25 ára afmælisriti Háskólans, sem gefið var út árið 2012, eru ítarlegir kaflar um allar grunneiningar hans og þar lögðu margir höfundar hönd á plóg. Kaflana um Kennaradeild og Miðstöð skólapróunar skrifuðu sjö höfundar sem allir þekktu vel til áranna á undan. Þeir kaflar eru viss grunnur að ritinu sem hér birtist þótt það sé mikið aukið að efni. Í afmælisritinu eru ýmsar ljósmyndir úr starfi Kennaradeilda, meðal annars af þáverandi og fyrrverandi starfsfólk, en þær sem hér birtast eru flestar frá seinni hluta þess tíma sem sagt er frá. Þorri þeirra er fenginn úr myndasafni HA eins og sjá má í myndaskrá.

Ársskýrslur háskólans komu að góðu gagni við efnisöflun auk annarra útgefina sem óútgefina heimilda. Enn fremur var leitað í smiðju eldra sem yngra starfsfólk Kennaradeilda og verður því vart nógsmallega þakkað. Sama er að segja um eldri sem yngri nemendur sem hafa verið mjög áhugasamir um að verkið mætti heppnast sem best. Engu að síður má vænta þess að einhverjar misfellur og jafnvæl missagnir leynist í textanum og skrifast slíkt alfarið á aðalhöfund sem jafnframt er ritstjóri verksins.

Frá upphafi var ákveðið að útgáfan yrði einvörðungu rafræn og hýst á vef Háskólans á Akureyri.



## Saga og skipulag

Í þessum kafla er sagt frá aðdraganda þess að efnt var til kennaramentunar við Háskólann á Akureyri. Að því búnu er heildaryfirlit um starfsemina í þrjátíu ár og þær einingar sem innan Kennaradeilda eru, það er grunnskólabraut, leikskólabraut og framhaldsnám. Sagt er stuttlega frá Skólaþróunarsviði þann tíma sem það var hluti af Kennaradeild og þeim breytingum sem urðu þegar almennt kennaranám lengdist úr þremur árum í fimm. Þau heiti sem hafa verið notuð til þess að aðgreina mismunandi námsleiðir hafa tekið nokkrum breytingum en hér er til einföldunar valin sú aðferð að nota þau hugtök sem eru flestum töm í munni.

### Stofnun Kennaradeilda HA

Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987. Námsbrautir voru upphaflega aðeins tvær, hjúkrunarfræði og iðnrekstrarfræði. Aðdragandinn að stofnun skólans og þróun hans næstu árin er rakinn í 25 ára afmælisriti hans sem kom út árið 2012. Sú saga verður ekki endursögð hér en til hennar vísað um frekari fróðleik.<sup>1</sup>



Menntaskólinn á Akureyri.

Það er ekki gott að segja hvenær fyrst komu fram hugmyndir um kennaranám á Akureyri. Í fyrrnefndu afmælisriti er rakin forsaga þess að skólinn var stofnaður og þar kemur meðal annars fram að árið 1975 var lagt til af nefnd um staðarval ríkisstofnana að flytja Kennaraháskólann ásamt Æfinga- og tilraunaskólanum og Húsmaðrakennaraskólanum í heilu lagi til Akureyrar.<sup>2</sup> Nú árum síðar lagði ráðherraskipuð nefnd til að hafin yrði háskólakennsla á Akureyri og nefndi í tillögum sínum uppeldisfræði til kennsluréttinda ásamt nokkrum öðrum greinum.<sup>3</sup>

Það var eðlilegt að horft væri til kennaramenntunar við stofnun nýs háskóla með aðsetur utan höfuðborgarsvæðisins. Kennaraskóli Íslands, stofnaður 1908, hafði lengi séð um að mennta barnakennara og var fluttur á háskólastig 1971. Hann náði engan veginn að anna eftírspurn eftir menntuðum kennurum og kennaraskortur var mikill og viðvarandi um allt land, ekki síst á landsbyggðinni.

Áratugirnir frá lokum seinni heimsstyrjaldar voru mikið fólkssjölgunariskeið sem leiddi meðal annars til stóraukinnar ásóknar ungmenna í skólagöngu á framhaldsskólastigi. Það sést á því að árið 1965 var hlutfall stúdenta miðað við aldursárgang tvítugra um 10%, 1975 var það tvöfalt hærra og árið 1985 var talan komin í 35%.

Að baki þessum hlutfallstöllum var stöðugt vaxandi fjöldi ungmenna og þörf fyrir fleiri stúdentsprófsskóla varð meira og meira knýjandi. Menntaskólinn í Reykjavík var lengi einn á þeim vettvangi, svo bættist Menntaskólinn á Akureyri við árið 1930, Verzlunarskóli Íslands hóf að brautskrá stúdenta árið 1945 og Menntaskólinn á Laugarvatni var



Verkmenntaskólinn á Akureyri.

<sup>2</sup> Bragi Guðmundsson. (2012). Háskóli verður til. Bragi Guðmundsson (ritstjóri), *Háskólinn á Akureyri 1987–2012: afmælisriti*, bls. 19. Völuspá útgáfa í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

<sup>3</sup> Sama heimild, bls. 20.

stofnaður 1953. Í Reykjavík bættust við Menntaskólinn við Hamrahlíð 1966 og Menntaskólinn við Tjörnina 1969 (varð Menntaskólinn við Sund 1977). Þá hóf Kennaraskóli Íslands að brautskrá stúdenta 1968 og gerði það í nokkur ár. Samvinnuskólinn á Bifröst starfrækti stúdentsprófsdeild í Reykjavík 1972–1989 og Menntaskólinn í Kópavogi tók til starfa 1973. Aðalsprengingin varð eftir setningu grunnskólalaganna 1974 því þá var að mestu aflétt takmörkunum á rétti til innritunar í framhaldsskóla og fjölbautaskólahugmyndin hafði náð að ryðja sér til rúms.

Þessi þróun náði brátt til alls landsins og leiðum til stúdentsprófs sem undanfara háskólanáms fylgdaði óðum. Á Akureyri setti MA til dæmis upp öldungadeild í kvöldskóla árið 1975 og tæpum áratug síðar var Verkmenntaskólinn stofnaður í sama bæ. Öldungadeildin jón örugglega þörf fyrir nám að loknu stúdentsprófi í heimabyggð og þar var kennaranám nokkuð augljós kostur.

Fyrstu starfsár Háskólans á Akureyri voru honum á margan hátt erfið og fullyrðingar voru settar fram, meðal annars í sölum Alþingis, um að sterk öfl innan Háskóla Íslands ynnu gegn vexti hans og viðgangi. Mörgum þóttu fjárveitingar naumt skammtaðar og snemma í desember 1989 birtu fjölmíðlar ítarlega og vel rökstudda áskorun fjögurra norðlenskra áhrifamanna til alþingismanna um „að leggja Háskólanum á Akureyri lið og tryggja nægilegt fé til stofnkostnaðar og reksturs, svo mögulegt verði að hefja kennslu á sjávarútvegsbraut, jafnhliða þeirri starfsemi, sem þegar fer þar fram.“ Undir þetta skrifuðu Sigríður Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, Guðmundur Stefánsson, forstjóri Ístess hf., Pétur Bjarnason, markaðsstjóri Ístess hf., og Tómas Ingi Olrich menntaskólakennari, síðar alþingismaður og menntamálaráðherra. Sams konar áskoranir höfðu þá þegar komið frá forsvarsmönnum fjögurra sveitarfélaga við utanverðan Eyjafjörð.<sup>4</sup>

Sjávarútvegsdeild varð að veruleika á vormisseri 1990 en umræða í fjölmíðum og á Alþingi sýna að róðurinn gat verið þungur og hvergi mátti slá af í baráttu fyrir uppyggingu þess sem þegar var komið – og svo auðvitað fleiri og fjölbreyttari námsleiðum.

Í afmælisriti HA er sagt frá því að stór hópur „áhugafólks um háskólamenntun á Akureyri“ sendi menntamálaráðherra áskorun um að hefja háskólakennslu í bænum á haustmánuðum 1983.<sup>5</sup> Umræða um nauðsyn þess að efla framboð á endurmenntun á svæðinu var



þá komin vel af stað og þegar færð gafst til að tengja hana við starfsemi verðandi háskóla var það auðvitað gert. Þótt ekki yrði af því að kennaramenntun yrði meðal fyrstu námsbrauta skólans virðist sú hugmynd aldrei hafa fallið í gleymsku þrátt fyrir að annað væri ofar á baugi. Þannig átti Sjávarútvegsdeildin til dæmis sviðið í opinberri umræðu allt árið 1990. Engu að síður ræddi háskólanefnd HA á vormisseri 1991 möguleika á að verða við eftirspurn um aukið námsframboð og að skoða möguleika á að efna til kennsludeilda sem brautskrái grunnskólakennara. Umræða innan og utan skóla varð svo til þess að nefndin tók ákvörðun í aprílþyrjun 1991 um að kanna jarðveginn fyrir stofnun kennaradeilda<sup>6</sup> og réði Kristján Kristjánsson, heimspeking og kennara við Menntaskólann á Akureyri, til verksins.

Kristján gekk rösklega til verka og skilaði af sér jákvæðu áltí í september þetta ár.<sup>7</sup> Þá þegar lágu fyrir ályktanir og/eða samþykktir frá bæjarstjórn Akureyrar, Fjórðungssambandi Norðlendinga og ársþingi Samtaka fámenntra skóla um stuðning við fram komnar hugmyndir um kennaramenntun og/eða stofnun sérstakrar kennaradeilda við Háskólann á Akureyri.<sup>8</sup>

Hús Kennaradeilda við  
Pingvallastræti 23 í árslok  
2009.


<sup>4</sup> Áskoranir fjórmenninganna og forrāðamanna sveitarfélaganna ásamt fréttum af þeim birtust í dagblöðum og *Degi* á Akureyri.

<sup>5</sup> Bragi Guðmundsson (2012), bls. 21–22.

<sup>6</sup> Árbók Háskólans á Akureyri 1987–1992. (1993). Hjalti Jóhannesson og Stefán G. Jónsson (ritstjórn), bls. 85. Háskólinn á Akureyri.

<sup>7</sup> Kristján Kristjánsson. (1991). *Skýrsla um möguleika á stofnun kennaradeilda við Háskólann á Akureyri*. Háskólinn á Akureyri.

<sup>8</sup> Sama heimild, bls. 13.



Ólafur G. Einarsson,  
menntamálaráðherra  
1991–1995.

Háskólanefnd samþykkti skömmu eftir framlagningu skýrslu Kristjáns að stefna að stofnun kennaradeilda og Haraldur Bessason rektor óskaði eftir heimild menntamálaráðherra. Hugmyndin var kynnt fyrir ráðuneytinu, fjárlaganefnd Alþingis og menntamálanefnd. Hún fékk góðan hljómgrunn og 26. nóvember 1991 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að fjalla um mögulega kennaradeild við HA. Í henni sátu fyrrnefndur Kristján Kristjánsson, tilnefndur af HA, Ólafur Arngrímsson skólastjóri, tilnefndur af Bandalagi kennara á Norðurlandi eystra, Trausti Þorsteinsson fræðslustjóri, tilnefndur af Fræðsluskrifstofu Norðurlandsumdæmis eystra, og Þorsteinn Gunnarsson, deildarsérfræðingur og starfsmaður menntamálaráðuneytisins, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Samkvæmt erindisbréfi var verkefnið tvíþætt: „Annars vegar að kanna nauðsyn á og forsendur fyrir menntun grunnskólakennara við Háskólanum á Akureyri og hins vegar að gera tillögur um kennsluskipan og námskrá deildarinnar, sem og að yfirfara fyrirliggjandi áætlanir um kostnað og starfsmannaþörf.“<sup>9</sup> Nefndin starfaði ötullega, hélt sjö fundi og kallaði til sín skólafolk og stofnað var til nokkurra starfshópa til þess að vinna markmiðslýsingar einstakra kjörsviða.

Nú er örðugt að greina hvað rak hvað í umræðunni um kennaranám nyrðra en í samræmi við fyrirmæli fyrstu laga um Háskólanum á Akureyri, nr. 18/1988, hafði menntamálaráðherra skipað nefnd í júní 1990 til þess að endurskoða þau. Sú nefnd skilaði af sér frumvarpsdrögum tæpu ári síðar og eftir umsagnarferli var frumvarp lagt fram á Alþingi í desember 1991. Því fylgdi endurskoðuð áfangaskýrsla þróunarnefndar HA, dagsett í október þetta ár.<sup>10</sup> Sú nefnd hafði verið skipuð af menntamálaráðherra í lok maí til þess „að meta stöðu háskólans og gera tillögur að þróun hans næstu árin, þar á meðal um forgangsröð verkefna um uppybyggingu námsbrauta, gera spá um nemendafjölda, mannaflaþörf og þörf fyrir húsnaði og aðra aðstöðu. Þróunartillögnum skal fylgja kostnaðaráætlun.“ Í nefndinni sátu þau Elsa Björk Friðfinnsdóttir lektor, Háskólanum á Akureyri, Hall-dór Jóhannsson arkitekt, Jón Hallur Pétursson viðskiptafræðingur, Þorsteinn Gunnarsson uppeldisfræðingur, menntamálaráðuneyti, og Þórir Sigurðsson lektor, Háskólanum á Akureyri, sem á fyrsta fundi nefndarinnar var valinn formaður hennar.

Í skýrslu þróunarnefndar er greinargott yfirlit um fyrstu ár skólans og þáverandi stöðu hans og sett var fram framtíðarsýn í mörgum liðum. Um mögulega stofnun kennaradeilda var að öllu leyti farið

eftir skýrslu Kristjáns Kristjánssonar frá því í september. Í ítarlegri endursögn þróunarnefndar á þeiri skýrslu segir á þennan veg:

Í IV. kafla eru dregin fram helstu rökin fyrir stofnun kennaradeilda við Háskólanum á Akureyri, kostur skólans á að greiða úr vanda landsbyggðarinnar [kennaraskorturinn] með breyttum áherslum á ýmsum svíðum, völum á að auka í leiðinni almenningsfræðslu og endurmenntun og hin innri hagræðingarrök skólans sjálfs sem enn er of fámannur til að ná æskilegri hagkvæmni í rekstri. Þá er sagt frá undirtektum ólíkra aðila við hugmyndina um kennaradeild. Í V. kafla eru útskýrðar frumhugmyndir um námsskipan hinnar nýju deilda og undirstikað á hvern hátt hún gæti skorið sig frá skipulaginu í Kennaraháskólanum – með auknu vægi sérsviðs, „kandídatsári“ sem að mestu yrði varið úti í skólonum á svæðinu og tilflutningi á meginþunga uppeldis- og kennslufræði frá fyrra stigum náms til hinna síðari. ... Kristján lýsir því í lok skýrslunnar sem skoðun sinni að af öllu framsögðu megi draga þá ályktun að byggðapólitisk, skipulagsleg, fræðileg og fjárhagsleg rök hnigi að því að Háskólanum á Akureyri verði heimilað að stofna til almennrar kennaradeilda við skólann. Slík deild yrði að sníða sér stakk eftir vexti, segir Kristján, og verr væri af stað farið en heima setið nema litíð yrði á kennaramenntun á landsbyggðinni sem samvinnuverkefni hinnar nýju deilda og móttökuskólanna er kæmu til með að verða starfsvettvangur útskrifaðra kennara. Tækist vel til með slika samvinnu hefði hins vegar verið boðið upp á nýjan, öflugan og álitlegan kost í kennaramenntun á Íslandi.

Fyrsta umræða um háskólafrumvarpið dróst til 26. febrúar 1992. Þá vildi svo til að fáum dógum áður hafði Reki, félag rekstrardeildarnema, efnt til opins fundar um málefni háskólans. Í frétt af honum segir í *Morgunblaðinu*:

Fram komu hugmyndir um að ekki væri úr vegi að komið yrði upp lögfræðideild við skólann og sagði Haraldur Bessason rektor að því máli hefði oft verið hreyft við sig. ... Hvað nýjar deildir varðar var einnig rætt um að æskilegt væri að á Akureyri væri boðið upp á kennaranám, einkum skorti kennara til að kenna raungreinar í framhaldsskólum, og lýstu margir yfir áhuga á að unnt yrði að sækja það í bænum.<sup>11</sup>

Byggðahagfræði og ferðamálafræði voru einnig nefndar sem mögulegar námsbrautir á næstu árum.<sup>12</sup>

<sup>9</sup> Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um kennaradeild við Háskólanum á Akureyri. (1992). [Án útg.], bls. 1.

<sup>10</sup> Frumvarp til laga um Háskólanum á Akureyri. (1991). Vefsíða: <https://www.altingi.is/altext/115/s/0313.html>. – Skýrsla þróunarnefndar er aftan við frumvarpið sem fylgiskjal.

<sup>11</sup> Fjölmennur fundur um málefni háskólans: rætt um nýjar deildir og byggingu stúdentagarða. (1991, 23. febrúar). *Morgunblaðið*, bls. 27.

<sup>12</sup> J[óhann] Ó[lfur] H[all-dórsson]. (1991, 23. febrúar). Framtíð og staða Háskólans á Akureyri í brennidipli: bökum snúið saman um mikil hagsmunamál landsbyggðarinnar. *Dagur*; bls. 5.



Valgerður Sverrisdóttir,  
alþingismaður Norður-  
lands eystra og síðan  
Norðausturkjördæmis  
1987–2009.

Morguninn fyrir þennan fund hafði Jóhannes Geir Sigurgeirsson, bóni á Öngulsstöðum og frambjóðandi til Alþingis, skrifað grein í *Dag* þar sem hann tilgreindi fjögur atriði sem hann taldi skipta sköpunum um framtíð skólans. Eitt þeirra var að

Skólinn taki að sér hluta almennrar kennaramenntunar í landinu. ... Fátt eitt mun verða fljótvirkara til þess að skjóta rótum Háskólans á Akureyri sem víðast en almennt kennaranám við skólan, auk þess sem kennsla í „fjöldagrein“ mun auka umfang hans og um leið mikilvægi í byggðalegu tilliti.<sup>13</sup>

En nú skal vikið að þeirri umræðu sem fram fór um frumvarpið til nýrra háskólalaga á Alþingi þann 26. febrúar 1992. Auk framsögunnar, Ólafs G. Einarssonar menntamálaráðherra, tóku níu þingmenn til málss, sumir oftar en einu sinni. Í ræðum þeirra var víða komið við, enda tók frumvarpið til háskólans alls, en í málí þeirra allra kom fram skýr vilji til þess að koma á kennaramenntun við Háskólann á Akureyri. Menntamálaráðherra nefndi það atriði reyndar ekki í upphafsræðu sinni en gerði það ítrekað síðar er leið á umræðuna. Nú skal gripið niður í hana í þeirri röð sem hún fór fram. Tekið skal fram að leyst er úr skammstöfunum.<sup>14</sup>

Valgerður Sverrisdóttir, Norðurlandskjördæmi eystra, Framsóknarflokki:

Það er byggðapólitík sem liggur að baki þess að hann [Háskólinn á Akureyri] er stofnsettur og alveg ástæðulaust að fara í launkofa með það en eins og ég sagði áðan er mikilvægt að skjóta fleiri og styrkari stoðum undir skólan. Meðal annars er mikill áhugi á að stofnsetja kennaradeild við skólan og ég veit að hæstvirtur ráðherra hefur lýst stuðningi við þá hugmynd, en spurningin er hvenær hún verður stofnsett og vona ég að sjálfsögðu að það verði sem fyrst.

Svavar Gestsson, Reykjavíkurkjördæmi, Alþýðubandalagi:

Þegar ég er að tala um kennaradeild við Háskólann á Akureyri, þá er ég að sjálfsögðu að tala um að öllu leyti fullburða og öfluga kennaradeild. Ég tel til dæmis að það mætti hugsa sér að byrja starfsemi hennar með því að miðstöð fyrir dreifða og sveigjanlega kennaramenntun, sem verður auðvitað tekin upp hér á landi, verði á Akureyri ... í einhvers konar starfstengslum við Háskóla Íslands. Það mætti hugsa sér að byrja þannig og ég held reyndar að miðstöðin fyrir dreifða og sveigjanlega kennaramenntun eigi að vera úti á landi.

<sup>13</sup> Jóhannes Geir Sigurgeirsson. (1991, 20. febrúar).

Háskólinn á Akureyri – íslensk kennslu- og rannsóknastofnun. *Dagur*, bls. 4.

<sup>14</sup> Háskólinn á Akureyri, 1. umræða. (1992). *Alþingistíðindi umræður*, dálkar 5570–5603

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Norðurlandskjördæmi eystra, Framsóknarflokki:

Örfá orð um kennaradeildina sem ég tel mjög mikilvægt að komist á laggirnar sem fyrst. ... Ég hef áður sagt það hér úr ræðustól að það er tvennt sem að mínu mati er mikilvægt gagnvart kennaradeildinni. Annars vegar er það innra starf skólans, þetta stækkar umfang skólans og honum er það mjög mikilvægt að vaxa að nemendafjölda á næstunni. Í öðru lagi tel ég að þetta gæti verið liður í því að bæta úr kennaraskorti í dreifbýlinu.

Sigbjörn Gunnarsson, Norðurlandskjördæmi eystra, Alþýðuflokki:

Öllum ætti að vera ljóst að mikill áhugi er meðal norðanmanna á stofnun kennaradeilda eða menntadeilda eins og ýmsir kjósa að nefna deildina. Menntamálaráðherra hefur tekið vel í stofnun þessarar deildar. Á því leikur vart vafi að stofnun kennaradeilda við skólann mundi gera mörgum kleift að öðlast kennaramenntun sem ekki hafa til þess möguleika í dag. Á því leikur heldur ekki vafi að stofnun kennaradeilda á Akureyri mundi draga úr kennaraskorti á landsbyggðinni sem mönnum hefur orðið mjög tíðrætt um hér á hinu háá Alþingi.

Guðrún J. Halldórsdóttir, Reykjavíkurkjördæmi, Samtökum um kvennalista:

Margir hafa nefnt hér kennaramenntunina. Ég geri ráð fyrir að þá sé verið að ræða um dreifða og sveigjanlega kennaramenntun sem er það sem við bíðum eftir fyrir landsbyggðina núna. ... Ég álít að það sé Kennaraháskóli Íslands sem hún á að vera í samstarfi við, eindregið. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt, eiginlega brennandi nauðsyn, hæstvirtur menntamálaráðherra, að þessi menntun og þetta starf geti komist á næsta haust. Svo lengi hefur landsbyggðin verið í svelti, kennaramenntunarlega séð.

Einar K. Guðfinnsson, Vestfjarðakjördæmi, Sjálfstæðisflokk:

Ég held ... að það væri mikilvægt fyrir að ef stigíð væri, að efna til kennaramenntunar við Háskólann á Akureyri. Það er staðreynd að skipulag kennaramenntunar í landinu hefur ekki skilað okkur kennurum út um land og á því eru ýmsar skýringar. Ég er sannfærður um það að stofnun kennaradeilda við Háskólann á Akureyri væri mikilvægt skref í þá átt að leysa kennaravandamálið á landsbyggð-



Jóhannes Geir Sigurgeirsson, alþingismaður Norðurlands eystra 1991–1995.



Sigbjörn Gunnarsson, alþingismaður Norðurlands eystra 1991–1995.



Alþingishúsið við Austurvöll.

inni sem ég er ekki í nokkrum vafa um að er eitt mesta byggðavandamál sem við okkur blasir nú um stundir.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra, Reykjaneskjördæmi, Sjálfstæðisflokk:

Ég er ekki í nokkrum vafa um að stofnun kennaradeilda við Háskólann á Akureyri er mjög mikilvægt skref í þá átt annars vegar að efla skólann – og kannski eitt það besta sem hægt er að gera til þess að efla skólann – og annað sem einnig hefur komið fram í máli nokkurra ræðumanna hér, er sú trú að stofnun kennaradeilda við Háskólann á Akureyri muni hafa mjög ákveðin áhrif í þá átt að draga úr kennaraskortinum í landinu. Ég trúi því að svo muni einmitt verða. Við þekkjum reynslu til dæmis Norðmanna af því að stofna til kennaranáms í norðurhluta Noregs. Það liggur fyrir alveg ótvírætt að þegar svo var gert þar dró mjög úr kennaraskortinum, einkum í hinum dreifðum byggðum landsins og ég er alveg sannfærður um að stofnun kennaradeilda við Háskólann á Akureyri muni hafa áhrif í þessa átt, það verði reynsla okkar sem annarra. Ég get ekki svarað því á þessari stundu hvenær af því gæti orðið að til kennaranáms yrði stofnað við Háskólann á Akureyri en ég er að gera mér vonir um að það gæti orðið á næsta ári, haustið 1993.

Umræðurnar um háskólafrumvarpið voru bæði áhugaverðar og mál-efnalegar. Dæmin hér að framan eru alls ekki tæmandi um það sem sagt var um kennaramenntun syðra sem nyrðra og undir lokin ræddu fyrverandi menntamálaráðherra, Svavar Gestsson, og þáverandi ráðherra, Ólafur G. Einarsson, um lengingu kennaranáms úr þremur árum í fjögur. Stefnt hafði verið að lengingunni haustið 1991 en framkvæmd hennar frestað. Í lok þeirrar umræðu, sem hér er vitnað til, fullyrti Ólafur að gert væri ráð fyrir að hún kæmist til framkvæmda, „í einu eða öðru formi,“ haustið 1993.

Frumvarpinu var vísað til menntamálanefndar, sem lagði til að stofnuð yrði kennaradeild við HA hið fyrsta. Endanleg niðurstaða varð sú að í samþykktum lagatexta voru taldar upp þáverandi þjárár deildir við HA og að „Menntamálaráðuneytið heimilar stofnun fleiri deilda og skiptingu deilda í námsbrautir að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitinga í fjárlögum.“<sup>15</sup> Þessi niðurstaða greiddi stofnun kennaradeilda við Háskólann á Akureyri braut og skömmu eftir samþykkt laganna skilaði nefnd menntamálaráðherra um mögulega kennaradeild við HA af sér skýrslu í júní 1992. Sú skýrsla er



Kristján Kristjánsson, heimspekingur og áður prófessor við HA, hélt hátiðarfyrilestur um rannsóknir sínar á svíði menntaheimspeki og hagnýtrar mannkostamenntunar á 25 ára afmæli Kennaradeilda i nóvember 2018. Um leið var gerður samningur um gestaprófessorsstöðu milli Kristjáns og Háskólangs á Akureyri.

efnismikið plagg, alls 64 síður. Í fyrstu köflunum er fjallað um stöðu Háskólangs á Akureyri, kennaranám á Íslandi og erlendis og viðvarandi kennaraskort á landsbyggðinni. Stærsti hluti skýrslunnar lýtur síðan að námsskipan við hina fyrirhuguðu kennaradeild og settar voru fram hugmyndir að bæði þriggja og fjögurra ára námi. Undir lokin er kostnaðargreining.

Þessi skýrsla lagði grunn að hinni nýju deild en um leið var litið lengra fram á veg. Það sést meðal annars af því að skilgreind voru fimm kjörsvið: Almennt svið með áherslu á þarfir dreifbýlisskóla; raungreinasvið; myndmenntasvið; tónmenntasvið; leikskólakennara-/fóstrusvið. Þegar farið var af stað voru aðeins fyrstu tvö sviðin í boði en seinna í þessu riti kemur fram hvenær hin komu til sögunnar og aðrar breytingar sem eðlilega hafa verið gerðar á námsskipan deildarinnar í þrjá áratugi.

Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra segir að kennaradeild muni styrkja starfsemi háskólangs sem vísindastofnunar, auka framboð námskeiða og lækka kostnað á hvern nemanda, sem til þessa hafði verið mun hærri en við Háskóla Íslands. Nefndin taldi þó að önnur rök vægju þyngra, annars vegar efing kennaramenntunar í landinu og hins vegar byggðarsjónarmið. Um fyrri rökin segir að kennaradeild við HA geti lagt aðrar áherslur en gert var í þeim stofnunum sem þá buðu upp á kennaramenntun, lagt til dæmis meira upp úr undirbúnungi fyrir starf í fámennum skólam.

<sup>15</sup> Lög um Háskólann á Akureyri nr. 51/1992, 9. grein.



Trausti Þorsteinsson,  
fyrverandi forstöðumaður  
Skólapróunarsviðs og  
dósent við Háskólan á  
Akureyri.

Nefndin gekk rösklega fram í vinnu sinni enda hafði hún góðan grunn að byggja á þar sem var undirbúningsvinna Kristjáns Kristjánssonar, sem háskólanefnd HA hafði falið honum nokkru fyrr. Nefndin tók til starfa í árslok 1991 og skilaði skýrslu sinni til menntamálaráðherra í júní 1992. Síðasta fund sinn hélt hún á Laugum í Reykjadal en Ólafur Arngrímsson, skólastjóri Litlulaugaskóla, taldi rétt að nefndin hefði nokkra viðhöfn á þessum síðasta fundi sínum og bauð til hádegisverðar og fundaraðstöðu í Gerði. Það var dásamlegt vorveður þennan dag og virtust allar flugur vorsins vaknaðar af vetrardvala sínum.

Torfhildur, eiginkona Ólafs, reiddi fram íslenska sperðla með kartöflum, grænum baunum og uppstúf og glöddust nefndarmenn yfir borðhaldinu. En það voru fleiri sem glöddust, flugunum fjölgðaði og gerðust þær árásargjarnar og vildu greinilega komast í hádegisverðinn sem á borð var borinn. Reyndu menn að banda óværunni frá sér en ekki tókst betur til en svo að þar sem Kristján var að ausa sósunni á disk sinn kom ein flugan suðandi úr loftinu og stakk sér eins og dýfingarkappi á bólakaf í sósuausuna, engar slettur eða skvamp en hljóðið er ógleymalegt. Kristjáni leist ekki á blikuna og var ekki til í að krydda sósuna með óværunni. Ólafi fannst þetta ekki tilhlýðilegt af flugunnar hálfu og stökk til og náði í skeið og krækti kvikindinu upp úr ausunni. Kristján hikaði enn við og fannst greinilega ekki nóg að gert er Torfhildur vatt sér aftan að honum og greip ausuna úr hendi hans, bar hana að vaskinum og þreif hana rækilega um leið og hún ávítti mann sinn fyrir ónærgætni sína. Gekk nú allt vel og urðu menn vel mettir.

Eftir máltíðina var sest í stofu og tekið til við fundarstörf. Ígrunduðu nefndarmenn vel orðalag skýrslunnar og tillögur og veltu vöngum yfir hvernig þeim yrði tekið af hinu háá ráðuneyti. En flugurnar virtust engu minna ágengar í stofunni en við matarborðið og hafði Kristján sérstaka ömun af þeim. Allt í einu hendist hann upp í sæti sínu, dregur undir sig fæturna og hrópar „geitungur, geitungur“. Varð fundarmönnum hverft við nema gestgjafa, sem svaraði með hægð, „já, þakk-aðu bara fyrir meðan það er ekki skógarþröstur“. Við eftirgrennslan komust fundarmenn að því að ekki væri um þau skaðræðisdýr, geitunga, að ræða og róuðust nokkuð. Með góðum skammti af kaffi og brauði tókst að ljúka skýrslugerðinni og var samþykkt að senda hana til menntamálaráðherra.

megi við að þjálfa myndmennta- og tónmenntakennara, sem mikill skortur var á, og almennt var skortur á kennurum um allt land nema á Reykjavíkursvæðinu. Eitt markmiðið með stofnun HA hafði verið að efla þekkingu íbúa landsbyggðarinnar og kennaradeildinni var ætlað að stuðla að því markmiði á sínu sviði.<sup>16</sup>

Þegar hér var komið má segja að björninn hafi verið unninn. Guðmundur Heiðar Frímannsson, heimspekingur og kennari við Menntaskólan á Akureyri, var ráðinn frá fyrsta september 1992 til að undirbúa stofnun kennaradeilda við háskólan og í sama mánuði hófst kennsla í fimm eininga kvöldnámskeiði í íslensku á háskólastigi sem metið skyldi til fulls þegar kæmi að stofnun deildarinnar. Þetta sama haust fékkst aukin fjárveting til háskólans fyrir árið 1993, sérstaklega ætluð nýrri kennaradeild, og þann tíunda desember heimilaði menntamálaráðherra að hún færi af stað haustið 1993. Um þann áfanga sagði Haraldur Bessason rektor:

Þetta er stór dagur í sögu skólans, það hefur lengi verið unnið að undirbúningi og stofnun kennaradeilda hér. Þetta er sigur fyrir alla sem sinna menntamálum í landinu. ... Það er gott á niðurskurðartínum að vissum hlutum er þokað áleiðis og þá sérstaklega þegar þeir eru á þessu sviði.<sup>17</sup>



<sup>16</sup> Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um kennaradeild við Háskólan á Akureyri (1992), bls. 15–18; Árbók Háskólans á Akureyri 1987–1992, bls. 117–118

<sup>17</sup> Þriggja ára kennaranám hefst við Háskólan 1993. (1992, 11. desember).

Morgunblaðið, bls. 36.

– Í afmælisriti skólans er ranglega sagt að heimild menntamálaráðherra hafi komið í febrúar 1993 (bls. 113) og leiðréttist það hér með.

Guðmundur Heiðar Frímannsson, prófessor og fyrsti forstöðumaður Kennaradeilda, flytur tölu á 25 ára afmælissamkomu starfsfólks Háskólans á Akureyri, sem haldin var 5. september 2012 í mótneyti skólans á Sólborg. Til hliðar við hann eru fjarir kennarar í Kennaradeild. Sitjandi eru þær María Steingrimsdóttir og Jórunn Elíðóttir en aftan við þær standa Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir.

<sup>18</sup> Árskýrsla 2006. (2008).  
Laufey S. Sigurðardóttir  
(ritstjórn), bls. 14–15.  
Háskólinn á Akureyri

Staða forstöðumanns kennaradeilda var auglýst snemma árs 1993. Sjö sóttu um stöðuna en eftir umfjöllun dómnefndar og háskólanefndar var Guðmundur Heiðar ráðinn til starfans frá og með fyrsta júní þetta ár.

Stofnun deildarinnar vakti talsverða athygli og mikil aðsókn að henni var oft til umfjöllunar í blöðum. Staðfestar umsóknir urðu 93, sem var langt umfram væntingar forráðamanna háskólans. Þegar á hólminn kom hófu 77 nemendur námið og þurfti að leigja sal í KA-heimilinu til þess að koma öllum hópnum fyrir. Um húsnæði deildarinnar verður fjallað síðar í þessu riti.

## Þrjátíu ár, 1993–2023

Skipulag og starf Kennaradeilda hefur eðlilega tekið ýmsum breytingum á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá stofnun hennar. Í þessum kafla er veitt heildaryfirlit um starfsemina en í næstu köflum er fjallað stuttlega um stakar einingar innan hennar, það er grunnskólabraut, leikskólabraut, framhaldsbraut og skólapróunarsvið. Þær einingar voru allar til með þessum heitum um tiltekinn tíma og í reynd eru þrjár þær fyrstu á sínum stað þótt námsbrautarheiti hafi breyst.

Formlegt skipulag Kennaradeilda var einfalt fyrstu árin. Yfirmaður hennar var forstöðumaður en næst honum stóðu deildarfundir sem haldnir voru mánaðarlega yfir skólaárið og hafa þeir alla til farið með æðsta vald deildarinnar. Þegar Kennaradeild stækkaði og raunverulegum námsleiðum fjölgaði var brugðið á það ráð árið 2001 að skipta henni formlega í þrjár brautir: Leikskólabraut, grunnskólabraut og framhaldsbraut. Sú ákvörðun hafði nokkurn aðdraganda vegna þess að kennsluréttindanám, sem var undanfari framhaldsnáms við deildina, fékk strax sérstakan umsjónarmann á fyrsta ári sínu, 1994, og leikskólabrautin fékk einnig brautarstjóra þegar hún var stofnuð árið 1996. Grunnskólkennaranámið heyrði hins vegar áfram beint undir deildarforseta til 2001 er það fékk sérstakan brautarstjóra eins og hinar einingarnar tvær. Brautarstjórnir héldu brautarfundir hver á sinni braut og voru þeir fundir í reynd grunneiningar deildarinnar sem báru ábyrgð á náminu og skipulagi þess. Einig var efnt til deildarráðs sem starfaði í umboði deildarfundar. Þar sátu brautarstjórar og fulltrúar nemenda auk forstöðumanns deildarinnar. Hlutverk deildarráðs var að hafa umsjón með rekstri og fjárhagsstöðu deildarinnar auk þess að fjalla um málefni nemenda.<sup>18</sup> Þetta skipulag hélt til ársloka 2008.



Sigurður Kristinsson  
þrófessor. Hann var fyrsti  
forstöðumaður námsbraut-  
ar í nútímafræði og síðar  
veitti hann Kennaraskor,  
sem svo hélt um eins árs  
skeið, fyrstu seinni hluta  
árs 2008.



Í millitíðinni gerðist það að efnt var til námsbrautar í nútímafræði og var hún upphaflega samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands. Hugmyndin var að kenna bæði frá Akureyri og Reykjavík og var námið hugsað sem þróunarverkefni í fjar-kennslu. Því var fenginn staður innan Kennaradeilda HA og Sigurður Kristinsson heimspekingur var ráðinn til að veita því forstöðu. Fyrstu þrjú árin var eingöngu kennt um myndfundabúnað og hélt svo til 2003 er námið var gert að fullgildu þriggja ára námi til BA-prófs. Um leið var stofnuð Félagsvísinda- og lagadeild við HA og námsframboð í félagsvísindum aukið verulega. Nútímafræðin var þá flutt í hina nýju deild.

Liðu svo nokkur ár en í september 2007 var ákveðið að sameina Kennaradeild við Félagsvísinda- og lagadeild undir hatti Hug- og félagsvísindadeilda frá og með ágústbyrjun 2008. Með því átti að auka faglegan styrk með fjölbreyttara námsframboði, auka samvinnu kennslufræða og félagsvísinda, efla framhaldsnám og þverfaglegt nám, og greiða fyrir lengingu kennaranáms í fimm ár. Við þetta breyttist heiti Kennaradeilda í Kennaraskor.<sup>19</sup>

Þessi skipan hélt ekki lengi því fyrsta ágúst 2009 breytti Hug- og félagsvísindadeild um nafn í samræmi við Reglur fyrir Háskól-

Hús Háskólans á Akureyri  
við Pingvallastræti 23.  
Fyrsta merki skólans var  
áberandi á norðurgafflinum.  
Hönnuður þess var  
Ari Svavarsson og það var  
notað frá því laust fyrir  
1990 til ársins 2007.

<sup>19</sup> Árskýrsla 2008. (E.d.).  
Laufey S. Sigurðardóttir  
(ritstjórn), bls. 16.  
Háskólinn á Akureyri.



Rúnar Sigþórsson,  
professor emeritus.

ann á Akureyri nr. 387/2009 og varð að Hug- og félagsvísindasviði. Um leið fellu skorarheitin niður og deildir komu í staðinn og þannig endurheimti Kennaradeild sitt fyrra nafn.<sup>20</sup>

Þegar hér var komið var þriggja ára nám til kennaprófs að renna sitt skeið og haustið 2009 innrituðust fyrstu nemarnir í fimm ára nám. Aðdragandinn að því var langur og er sú saga að nokkru sögð í afmælisriti háskólans frá 2012 en sá þráður verður einnig tekinn upp hér síðar.

Þetta sama ár, 2009, var aflögð fyrri skipting í leikskóla- og grunnskólabraut og allt grunnnámið sett undir einn hatt, kennarabraut. Leið svo tíminn til 2012 þegar urðu nokkur tímamót. Í fyrsta lagi brautskráðust síðustu nemarnir sem fengu leyfisbréf að loknu BEd-námi. Það voru fjarnemar en námi þeirra var dreift á fjögur ár í stað þriggja. Við sömu brautskráningu luku fyrstu nemarnir í fimm ára kennaranámi sínu BEd-prófi. Og svo voru enn gerðar skipulagsbreytingar. Kennarabrautin var endurskilgreind og náði eftir þetta yfir allt nám til bæði BEd- og MEd-gráðu. Jafnframt var stofnuð menntavísindabraut sem sá um allt nám til MA-prófs. Það var „ætlað kennurum og öðrum sem vilja mennta sig til starfa í menntakerfinu er krefjast framhaldsmenntunar og auka þekkingu sína á núverandi starfi, ásamt því að bæta við hæfni sína til að stunda frekara nám eða leggja stund á rannsóknir.“<sup>21</sup> Samhliða þessum breytingum var framhaldsbraut lögð niður.

Þessi skipan hélst óbreytt næstu ár uns deildarfundur ákvað á vormisseri 2019 að hafa allt grunnnámið á einni braut, kennarabraut, og framhaldsnámið á annarri, menntavísindabraut. Þær röksemadir voru færðar fram fyrir breytingunni að val hafði aukist mikið á milli námsleiða í framhaldsnáminu og að það einfaldaði stjórnun og samskipti við nemendur að hafa einn brautarstjóra sem hefði yfirsýn yfir starfsemina, til dæmis stundaskrárgerð.

Kennaradeild varð tvítug haustið 2013 og minntist afmælisins með opinni og vel sótti dagskrá þann 20. september. Af skipulagsbreytingum var það hins vegar helst að frétt að í ársbyrjun tók til starfa sérstakur verkefnistjóri vettvangsnáms og æfingakennslu. Það fyrirkomulag hafði verið á þessum verkþætti fyrstu árin en hann varð síðan hluti af starfshlutfalli akademíks starfsmanns án sérstakra ákvárdana eða skipulagsbreytinga. Frá því fyrirkomulagi var horfið þetta ár og var svo til ársbyrjunar 2023 er verkefnistjórin færðist frá Kennaradeild undir sviðsskrifstofu. Einnig skal nefnt að haustið 2013

<sup>20</sup> Ársskýrsla 2009. (E.d.). Guðrún María Kristinsdóttir (ritstjórn), bls. 17. Háskólinn á Akureyri.

<sup>21</sup> Ársskýrsla 2012. (E.d.), bls. 22. Háskólinn á Akureyri.

<sup>22</sup> Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.



var settur á laggirnar starfshópur sem falið var að kanna möguleika á íþróttatradínámi á vegum deildarinnar. Sú vinna stóð með hléum næstu misseri.

Árið eftir, 2014, brautskráðist fyrsti hópur nemenda úr samfelldu fimm ára kennaranámi við HA og HÍ. Hvort sem það var tilviljun eða ekki fengu báðir háskólarnir samhliða það verkefni frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti að gefa út leyfisbréf fyrir leikskóla- og grunnskólakennara við brautskráningu kennaraefna. Fyrstu bréf þeirrar gerðar voru afhent kandidötum á háskólahátið í júní 2014. Með því var fengin mikilvæg viðurkenning á starfi háskóla og háskólaeilda sem skipuleggja nám til kennararéttinda og viðurkennt faglegt sjálfdæmi skólanna til þess að skipuleggja inntak kennaranáms á grunni laga og reglugerða. Í þessu fólst einnig að það varð háskólanna að skilgreina hvaða sérnám kennaranema væri unnt að viðurkenna sem grunn að námsgrein eða námssviði til kennslu í leik- og grunnskólum. Þar kom brátt í ljós að meira víðsýni var til staðar í Kennaradeild HA en meðal annarra aðila sem að þeim málum komu.

Síðasta lagabreytingin sem skiptir máli um þau réttindi sem kennaramenntun veitir var gerð árið 2019 þegar sett voru í lög ákvæði um eitt leyfisbréf fyrir kennara þvert á skólastig.<sup>22</sup> Um þá gjörð var ekki eining meðal þeirra sem koma að kennslu og kennaramenntun, til dæmis ekki innan fagfélaga kennara. Það er sérstök saga sem ekki verður sögð hér.

Kennaradeild og Miðstöð skólapróunar fluttu úr Pingvallastræti 23 á Sólborg sumarið 2010 og við það sameinaðist öll starfsemi skólans þar. Þessi mynd er tekin þegar starfsfólk Heilbrigðisvisindasviðs hélt nýkomu samstarfsfólkí sínu kaffibóð af því tilefni. Á myndinni sjást vel vinstra megin: Rósá Guðrún Eggertsdóttir og Birna María Brattberg Svabjörnsdóttir. Við endann er Margrét Hrönn Svavarssdóttir. Standandi er líklega Kristín Aðalsteinsdóttir. Hægra megin (talið framan frá) eru: Eygló Björnsdóttir, Ingibjörg Smáradóttir, Heiða Kristín Jónsdóttir, Trausti Þorsteinsson, Bragi Guðmundsson, Jenny Gunnbjörnsdóttir, Finnur Friðriksson, María Steingrímsdóttir, Halldóra Haraldsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Hildigunnur Svavarssdóttir.

Áheyrendur á hátiðarfyrirlestri Kristjáns Kristjánssonar á 25 ára afmæli Kennaradeilda í nóvember 2018. Í fremstu röð sitja Kristín Margrét Jóhannsdóttir, lektor við Kennaradeild, Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, og Lars Gunnar Lundsten, forseti Hug- og félagsvíssindasviðs HA. Aftan sitja nemendur, starfsfólk og aðrir góðir gestir.



Verkefnisstjóri kom til starfa við Kennaradeild haustið 2013 til tímabundinna verka á vegum samstarfs opinberu háskólanna. Meginviðfangsefnið var að auka samstarf, einkum á sviði kennaramenntunar. Á vegum verkefnisins voru haldnir tveir sameiginlegir starfsdagar Hug- og félagsvíssindasviðs Háskólans á Akureyri (aðallega með þátttöku Kennaradeilda) og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hinn fyrr var á Akureyri vorið 2014 og sá síðari í Reykjavík í tengslum við Menntakviku. Dagarnir voru samþland af fyrirlestrum, hópavinnu og frjálsum umræðum. Óhætt er að segja að samskipti af þessu tagi styrkja tengsl sem fyrir eru og mynda ný.

Samstarfsvettvangar voru fleiri því Kennaradeild var á þessum tíma virkur þáttakandi í samstarfsnefnd Mennta- og menningarmálaráðuneytis um kennaramenntun ásamt Menntavísindasviði HÍ og Listaháskóla Íslands. Á næstu árum voru gerðir samstarfssamningar við Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga og má lesa um afrakstur þeirra í ársskýrslum háskólans.

Sjálfsmat hefur verið gert nokkrum sinnum á starfsemi Kennaradeilda og um það skrifaðar ítarlegar skýrslur. Hin fyrsta þeirrar gerðar var unnin á árinu 1997 og sú yngsta er frá 2019.

Ríkisendurskoðun gerði á árunum 2016–2017 úttekt á kennaranámi við Háskólan á Akureyri og Háskóla Íslands. Markmiðið var að draga fram stöðu kennaramenntunar í opinberu háskólunum og kanna kostnað og skilvirkni hennar í skólunum tveimur. Niðurstöður voru Kennaradeild HA almennt hagstæðar og var skýrslan tekin til



umræðu og viðbragða innan deildar eftir því sem tilefni voru til.<sup>23</sup> Ábendingar Ríkisendurskoðunar og viðbrögð háskólanna beggja eru hluti af skýrslunni.<sup>24</sup>

Bryddað var upp á nýmæli árið 2017 þegar leik- og grunnskólamálgjafarskoðin var boðið að senda kennara í 30 eininga nám við Kennaradeild. Áhersla var á starfstengda leiðsögn með kennaramenum og með nýjum kennurum í starfi. Námstilboðið var innan menntavísindabrautar og skólunum að kostnaðarlausu. Níu skólar nýttu sér tilboðið og sendu þeir tólf kennara í námið. Með þessu var lagður góður grundvöllur að samtali og samvinnu beggja aðila.<sup>25</sup> Námið spurðist vel út í byrjun og var endurtekið 2019–2021.

Kennaradeild hefur tekið virkan þátt í margvíslegu samstarfi á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis síðustu ár. Sumum verkefnanna hefur lokið með skýrslugerð og/eða tillögum til úrbóta. Önnur eru viðvarandi, svo sem Samstarfsráð um starfsþróun kennara og stjórnenda þar sem lögð var áhersla á að skoða brotthvarf og nýliðun í kennarastétt; Verkefnisstjórn og síðar ráðgjafarnefnd með það hlutverk að leggja fram tillögur að aðgerðum sem miða að því að auka nýliðun og sporna gegn brotthvarfi úr kennarastétt; Samstarfshópur um leyfisbréf; Stýrihópur sem ráðuneytið stofnaði í kjölfar úttektar Evrópumiðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérfærfir;<sup>26</sup> Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins<sup>27</sup>; Kennaráð; Starfshópur á vegum Kennaráðs um þróun hæfniramma til starfsþróunar; Samstarfshópur um snemimbærana stuðning í menntakerf-

Í nóvember 2015 var undirritaður samstarfs-samningur milli Kennarasambands Íslands og Kennaradeilda HA um málefni kennaramenntunar og fagleg málefni sem tengjast störfum félagsmanna KÍ í skólum. Aðalheiður Steingrímisdóttir, varafórmáður Kennarasambands Íslands, og Bragi Guðmundsson, formaður Kennaradeilda, undirrituðu samþykktina fyrir hönd sinna stofnana.

<sup>23</sup> Sjá Ársskýrsla 2018. (E.d.). Guðrún M. Kristinsdóttir (ritstjórn), bls. 27. Háskólinn á Akureyri.

<sup>24</sup> Kostnaður og skilvirkni kennaramenntunar: Háskólinn á Akureyri. (2017). Ríkisendurskoðun.

<sup>25</sup> Ársskýrsla 2017. (E.d.). Guðrún M. Kristinsdóttir (ritstjórn), bls. 25. Háskólinn á Akureyri.

<sup>26</sup> Menntun fyrir alla – horft fram á veginn. (2019). Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

<sup>27</sup> Styrking leikskólastigsins: skýrsla starfshóps. (2021). Mennta- og menningarmálaráðuneyti.



Kristín Jóhannesdóttir,  
sviðsstjóri fræðslu- og  
lýðheilsusviðs hjá Akur-  
eyrarbae, nemandi við  
Kennaradeild HA 1996–  
1999 og 2010.

Ég efast ekki um gildi þess fyrir háskólann og kennaradeildina hér að eiga gott samstarf við vettvanginn. Það samstarf grundvallast mikið á því að kennaranemar fái tækifæri til að spreyta sig á vettvangi og fái þar vandaða leiðsögn og endurgjöf. Langt tímabil vettvangsnáms og æfingakennslu á lokaárinu hefur alltaf verið til staðar og sú samfella sem það skapar er án vafa mjög þýðingarmikil fyrir kennaranema, sem fá djúpa innsýn í starfið og vettvanginn og ná með þessu að undirbúa sig vel undir það sem koma skal. En þá skiptir líka miklu máli að hafa góðar fyrirmyn dir, gott fagfólk úti í skólunum sem sinnir hlutverki sínu af aluð og fagmennsku.

Kennaradeildin hér steig það mikilvæga skref að bjóða upp á 30 eininga nám í leiðsögn, sem ég tel að hafi verið mikið framfaraskref. Þannig fjölgæði góðum kennaramenntendum úti á vettvangi til muna. Það er líka einstaklega ánægjulegt þegar kennarar Kennaradeilda rískóla óska eftir að koma út í skólana í rannsóknarskyni eða einfaldlega til að anda að sér skólamenningu og skólastarfi. Ég veit að það hjálpar til við að ná auknum skilningi á því sem þar fer fram og þar með öðlast kennarar háskóla vafalaust aukinn trúverðugleika gagnvart nemum sínum, því hætt er við að nemendur taki minna mark á kennurum sem ekki hafa mikil tengsl eða þekkingu á vettvangi.

<sup>28</sup> Ársskýrsla 2018, bls. 27–28; Ársskýrsla 2019. (E.d.)  
Sólveig María Árnadóttir (ritstjórn), bls. 28; Ársskýrsla 2020. (E.d.)  
Guðrún María Kristinsdóttir (ritstjórn), bls. 30.



kjörsvið og íþróttakjörsvið. Áfram var heimilt að leita kjörsviðssérhæfingar í öðrum háskóladeildum innan og utan HA.

Íþróttakjörsviðið var hugsað sem breikkun á námsframboði deildarinnar. Stefnt hafði verið að kjörsviðinu frá árinu 1998 og skipulag þess byggði að miklu leyti á skýrslu frá 2014, þeiri þriðju um þetta efni. Nýmæli var að hafa það opið jafnt verðandi leikskóla- og grunnskólakennurum sem sérhæfingu til kennaraprófs. Kjörsviðið var boðið í fjarnámi að því undanskildu að á þriðja námsári var nemendum skylt að dvelja í nærumhverfi HA vegna vettvangstengdra íþróttanámskeiða. Skemmt er frá því að segja að íþróttakjörsviðið náði aldrei flugi vegna dræmrar aðsóknar. Á henni eru vafalaust fleiri en ein skýring en líklegt er að mestu hafi ráðið sú ákvörðun Háskóla Íslands að hætta kennslu í íþróttatrafæðum á Laugarvatni og flytja námið til Reykjavíkur. Það gerðist haustið 2016 og við það stórvirkst aðsóknin í námið syðra. Fjórum árum síðar, 2020, var hætt að innrita íþróttakjörsviðið á Akureyri.

Vettvangsferðir um nágrenni Sólborgar eru fastur liður í grunnnámi allra nemenda við Kennaradeild HA. Á myndinni eru nemar í grenndarkennslu á leið upp úr Glerárgili haustið 2023. Rafstöðvarhús Norðurorku er í baksýn.



Háskólanemar með  
andlitsgrímur á tínum  
Covid-19.

Brotthvarf nemenda á fyrsta ári sínu í HA er alltaf til umræðu og þegar kom fram um miðjan annan áratuginn var sett af stað verkefni um skipulagða handleiðslu þessara nemenda, svokallað NámStuð. Innan Kennaradeilda ráði verkefnistjóri vettvangsnáms og æfingakennslu um það fyrstu árin og komst hún fljótt upp á lag með að virkja annars og þriðja árs nemendur með sér.<sup>29</sup> Frá og með haustmisseri 2021 hefur verkefnið alfarið verið í höndum nemenda sjálfrá og mun Kennaradeild vera eina deildin í skólanum sem hefur haldið því gangandi. Reynt er að hafa samband við hvern og einn nemanda símleiðis og grennslast fyrir um líðan, gengi og viðhorf til námsins. Erfitt er að segja til um mælanlegan árangur en að mati þeirra sem að verkinu hafa komið er hann umtalsverður.

Eftir hrunið 2008 var hætt að kenna fjarnemum sérstaklega og fór kennslan fram um gagnvirkan myndfundabúnað samhliða staðarkennslu næstu ár. Af hlaust ýmislegt óhagræði fyrir alla aðila og á endanum var þessu kennsluformi hætt til nýnema árið 2016 og það síðan látið fjara út næstu tvö ár. Með því var komið til móts við stefnu háskólans um að nota rafræna miðla til náms og kennslu í sem ríkustum mæli og gera grunnnámið sem óháðast stað og stund, eins og það var gjarnan orðað. Námslotur á Akureyri héldust áfram.

Á vormisseri 2020 ákvað deildarfundur Kennaradeilda að hætta alveg reglubundinni staðarkennslu á Akureyri og gera kennsluna

<sup>29</sup> Sólveig Hrafnssdóttir.  
(2017). *NámStuð: skýrsla fyrir skólaárið 2016–2017*.  
Háskólinn á Akureyri

þess í stað rafræna ásamt því að krefjast mætinga í staðarlotur á Akureyri. Um þetta var gerð eftirfarandi samþykkt:

Deildarfundur Kennaradeilda haldinn 8. janúar 2020 samþykkir eftirfarandi um námskipulag í grunnnámi deildarinnar frá og með haustmisseri 2020:

- Lotunám með öflugum stuðningi af veflægum náms- og kennslu-aðferðum verður tekið upp í grunnnámi Kennaradeilda sem ríkjandi náms- og kennsluform.
- Hefðbundið vikulegt staðarnám í kennslustofum verður lagt af.
- Námslotur í grunnnámi verða tvær á hverju kennslumisseri. Að hausti verður önnur í september, hin í nóvember. Að vori verður önnur í janúar/febrúar en hin í mars/apríl (fer eftir því hvenær páskar verða).
- Hver námslot skal standa í eina viku og eru átta 45 mínútna kennslustundir dag hvern, samtals 40 kennslustundir.
- Nýnemadagar á fyrsta ári teljast ekki með sem námslot.
- Námskeið fá hlutfallslega þann fjölda kennslustunda til ráðstöfunar sem einingafjöldi þeirra segir til um.
- Skyldumæting er í allar námslotur í samræmi við gildandi mætingareglur deildarinnar.
- Þetta náms- og kennslufyrirkomulag gildir ekki um þau námskeið á íþróttakjörsviði sem krefjast reglubundinnar viðveru á Akureyri.

Skólaárin 2020–2021 og 2021–2022 einkenndust af þeim takmörkunum sem Covid-19 setti öllu skólastarfi. Þess vegna reyndist ekki unnt að hrinda hinu nýja námskipulagi í framkvæmd haustið 2020 og það beiði í reynd haustmisseris 2022 að það tækist til fulls. Áhrifa faraldursins gætti þegar í mars 2020 og skipulagið til vors varð að nokkru fálmkennt þótt tækist að ljúka vetrinum með þokkalegu móti. Haustið eftir varð öll kennsla rafræn og sama var um próf og annað námsmat. Rafrænar námslotur í rauntíma komu að mestu í stað staðarlotu á Akureyri það skólaár en á haustmisseri 2021 tókst að halda þær þótt mætingar væru dræmar. Nemendum sem voru að ljúka námi var gert kleift að sinna vettvangsnámi og æfingakennslu eftir því sem tök voru á bæði skólaárin.

Óhætt er að fullyrða að þessi tími reyndi mjög á nemendur, kennara og annað starfsfólk. Afleiðingarnar eru ekki að fullu komnar



Torfhildur Sigrún Porgeirs-dóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri Kennaradeilda.

fram en þó er til dæmis ljóst að almenn tölvufærni jókst til muna og fjölmargir fundir og ráðstefnur færðust af vettvangi yfir í rafheima. Það er þróun sem væntanlega mun halda áfram.

Námsskipanin sem samþykkt var í janúar 2020 hefur reynst nokkuð vel en er auðvitað sífellt til endurskoðunar. Talsvert hefur reynt á mætingareglur deildarinnar en allur þorri nemenda virðist nokkuð ánægður með umgjörðina. Helst er rætt um hvort hægt sé að stytta daglega stundaskrá í lotum og einnig hvort fækka beri þeim eða fjlóga. Í heild má segja að nám, kennsla og námsskipan sé umfjöllunarefní sem aldrei verður rætt til hlítar og leitinni að því sem árangursríkast er fyrir alla hlutaðeigandi mun væntanlega aldrei ljúka.

## Grunnskólabraut

Með stofnun Kennaradeilda varð til fyrsta námsleiðin innan hennar, þriggja ára BEd-nám til að mennta grunnskólakennara. Um upphafleg markmið hennar segir í *Árbók háskólans*:

Í fyrsta lagi að sinna þjálfun kennaranema fyrir kennslu í fámennum skólum í ríkara mæli en verið hafði og í öðru lagi að leggja áherslu á raungreinar í námi kennaranema. Önnur markmið voru að gera heimspeki að gildum þætti í kennaranámi og að skjóta fleiri stoðum undir starfsemi háskólans og styrkja hann í sessi til frambúðar með fjölbreyttara námsframboði.<sup>30</sup>

Áherslan á þarfir og hagsmuni fámennum skóla birtist meðal annars í því að sérstaklega var fjallað um samkennslu árganga og í skipulagi kennaranámsins í heild var leitast við að búa kennaranema undir að geta leyst sem allra flest verkefni er geta komið upp fremur en að búa til sérfræðinga á völdum sviðum.

Upphaflegt stefnumið var líka það að gera tengsl við móttökuskóla kennaranema sem nánust og vettvangsnám þeirra var að langmestu leyiði bæði langt og samfellt, sem var nýjung hér á landi. Eitt misseri hefur þannig frá upphafi að mestu verið helgað æfingakennslu og vettvangsnámi. Mikil vinna var lögð í að semja umfangsmikla handbók fyrir vettvangsnámið og eftir að hún hafði slípast nokkuð fyrstu árin hefur hún í meginatriðum haldist lítt breytt síðan.

Sérstök áhersla var einnig lögð á heimspeki og skipulögð voru fleiri námskeið í henni og siðfræði en tíðkast hafði í öðru kennaranámi á Íslandi. Grenndarkennsla var enn ein nýjungin. Hún snýst um það að

<sup>30</sup> Árbók Háskólans á Akureyri 1992–1997. (1999). Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og María Steingrímsdóttir (ritstjórar), bls. 13. Háskólinn á Akureyri



gera kennaranema sem hæfasta til þess að vinna með næsta umhverfi skóla síns, landfræðilegt, náttúrufræðilegt og húmanískt, óháð staðsetningu og skólastigi.

Það sem fljótt varð umdeilt í námskrá Kennaradeilda var að öllum nemendum var skylt að taka námskeið í eðlisvísindum og stærðfræði á fyrsta námsári. Þessi námskeið reyndust mörgum erfiður þróskuldur og fullyrða má að þau áttu drjúgan þátt í miklu brotthvarfi frá námi. Um þetta var mikið rætt meðal nemenda sem kennara og sýndist sitt hverjum. Svo fór að lokum að eðlisvísindanámskeiðið var sett til hliðar en stærðfræði er enn til staðar sem skyldunámskeið hjá þeim sem stefna að kennslu í grunnskóla.

Skipulag kennaradeilda var einfalt fyrstu misserin en þegar ákveðið var að hefja kennslu í leikskólafræðum til BEd-prófs 1996 var náminu skipt upp í leikskólabraut, grunnskólabraut og kennsluréttindanám. Sú ákvörðun leiddi ekki til breytinga á stjórnskipan grunnskólabrautar til að byrja með, heldur heyrði hún beint undir deildarforseta fram yfir aldamót.

Námsframboð og skipulag í grunnskólakennaranámi hefur alla tíð verið endurskoðað reglulega með tilliti til reynslu kennara og nemenda, stefna og strauma, en ytri rammi námsins skiptist frá upphafi í tvö kjörsvið: Almennt svið með áherslu á fámenna skóla og raungreinasvið. Kjörsviðum fjlógaði 1996 þegar samningur um kennslu

Vorið 1996 brautskráðust fyrstu kennararnir frá Kennaradeild HA. Tuttugu árum síðar kom um þriðingur þess hóps í heimsókn á Sólborg, skoðaði húsnaði og rífaði upp gamlar minningar. Á myndinni eru, talið frá vinstrum: Rannveig Karlssdóttir, Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir, Sigríður Guðrún Pálmadóttir, Kristín Hilmarsdóttir, Hólmfriður Sigrún Gylfadóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Ólina Þorleifsdóttir, Anna Bergrós Arnarsdóttir og Hulda Svanbergsdóttir.

Kristín Margrét Jóhannsdóttir, lektor í íslensku, Brynhildur Bjarnadóttir, dösent í náttúrufræði, og Þorgerður Sigurðardóttir, fyrverandi verkefnistjóri vettvangsnáms og æfingakennslu. Myndin er tekin haustið 2022.



á myndlistarsviði var gerður við Myndlistaskólanum á Akureyri og 1998 var gerður sambærilegur samningur við Tónlistarskólanum á Akureyri um kennslu á tónlistarsviði. Raunin varð hins vegar sú að fáir nemendur völdu nám á þessum nýju kjörsviðum, ágreiningur varð nokkur um skiptingu kostnaðar á milli skólanna og skipulagslegar hömlur vegna náms á mismunandi skólastigum reyndust erfíðar. Svo fór að samningar voru ekki endurnýjaðir þegar gildistími þeirra rann út.

Umfangsmikil endurskoðun fór fram veturninn 1999–2000, með virkri þátttöku nemenda og kennara. Um vorið var boðað til vinnufundar þar sem samræma þurfti vinnu vetrarins og stilla saman sjónarmið. Niðurstaðan varð meðal annars sú að búinn var til sameiginlegur og samkenndur kjarni fyrir leikskóla- og grunnskólabraut og skilgreind voru fimm kjörsvið á grunnskólabraut: Yngri barna svið, hugvísinda- og tungumálasvið, raunvíssindasvið, myndmenntasvið og tónmenntasvið. Þá voru námskeið sem fjalla um grunnskólastarf endurskipulögð undir samheitinu grunnskólafræði en greind að með lýsandi undirheitum. Snörp skoðanaskipti urðu á fundinum sem fram fór á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit og er stundum vísað til þeirra sem Öngulsstaðabardaga.

Jafnframt því sem nýtt skipulag var fest í sessi var unnið að því að koma af stað fjarnámi á grunnskólabraut í líku formi og þegar var orðið á leikskólabraut, sjá þar. Mikil eftirspurn var eftir sambærilegu námsframboði fyrir verðandi grunnskólkennara og töluvert ýtt á það af sveitarstjórnarfólki. Fjarnám hófst síðan haustið 2003 og



Fimmtudaginn 25. október 2012 kenndi Bragi Guðmundsson prófessor staðar- og fjarnemum samtímis um gagnvirkan myndfundabúnað. Myndirnar sýna hann við kennslu á Akureyri, staðarnema á Akureyri og þrjá fjarnema á Selfossi. Auk Selfoss var samtímis kennt til margra annarra staða um allt land. Þennan dag voru samtals fimmtán kennslustundir sendar út frá HA með þessum eða sambærilegum hætti.

var kennt með myndfundabúnaði til Reykjanesbæjar og Árborgar. Námið var skipulagt með þeim hætti að námstíma var deilt á fjögur ár í stað þriggja í reglubundnu staðarnámi. Námskeiðslýsingar voru allar þær sömu og í staðarnámi svo og fjöldi námsgreina. Á fyrstu árum fjarkennslunnar voru myndaðir námshópar á fjarendum og gerð krafa um lágmarksfjölda á hverjum stað. Eftirspurn varð töluverð, stöðum sem kennt var til fjölgangi fljótt og urðu þeir flestir tólf í einu á haustmisseri 2007. Samhliða fjölgun fjarkennslustaða og þegar samkeppni um nemendur harðnaði var fallið frá kröfu um lágmarksfjölda á hverjum fjarena.

Grunnskólabraut var lögð niður sem formleg eining innan kennara-deilda í ársbyrjun 2009 og sameinuð leikskólabraut í kennarabraut. Breytingin átti sér rót í innritun í nýtt fimm ára kennaranám eins og fyrr greinir.

## Leikskólabraut

Fyrsti skólinn sem menntaði fóstrur og forstöðukonur til starfa á dagvistunarstofnunum landsins var Uppeldisskóli Sumargjafar, sem tók til starfa 1946.<sup>31</sup> Þá höfðu sams konar skólar verið til í nágranna-

<sup>31</sup> Valborg Sigurðardóttir. (1998). *Fósturskóli Íslands: afmælisrit í tilefni af 50 ára afmæli skólans 1996*. Gott mál ehf.



*Kennaranemar í útikennslu í Kjarnaskógi haustið 2022 við náttúruvef sem þeir hafa „ofið“ úr efni sem til fellur á staðnum.*

löndunum um alllangt skeið. Námið tók tvö ár og var svo til ársins 1968 er það var lengt í þrjú ár og fimm árum síðar fékk skólinn stöðu sem sérskóli á framhaldsskólastigi.<sup>32</sup> Inntökuskilyrði voru einnig hert og krafist var stúdentsprófs eða gagnfræðaprófs að viðbættu tveggja ára námi til þess að hljóta inntöku. Má segja að þar hafi verið mörkuð sú braut að færa menntunina á háskólastig.

Meðan þess var beðið fór fram lífleg umræða um fyrirkomulag námsins og á Akureyri sótti Verkmenntaskólinn tvívegis um heimild til að mennta og brautskrá fóstrur en fékk synjun í bæði skiptin.<sup>33</sup> Innan Menntamálaráðuneytisins var fjallað um framtíðarskipan menntunar leikskólakennara seitn á níunda áratugnum og þótt ekki væri einhugur um niðurstöðuna lagði meirihluti nefndar, sem skipuð var af Birgi Ísleifi Gunnarssyni, þáverandi menntamálaráðherra, til að námið færðist á háskólastig og að Fósturskólinn yrði sameinaður Kennaraháskolanum innan fimm ára. Af því varð ekki en stofnun Kennaradeilda við HA reyndist verða sá farvegur sem leysti málið til frambúðar. Ástæðan var sú að í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um kennaradeild við HA (júní 1992) var lagt til að nemendur deildarinnar gætu tekið eins árs nám á leikskólakennara- eða fóstrusviði og sérhæft sig með því til þess að starfa í leikskólum. Þær til-

<sup>32</sup> Lög um Fósturskóla Íslands nr. 10/1973.

<sup>33</sup> Verkmenntaskólinn: Synjað um heimild til að brautskrá fóstrur. (1988, 10. febrúar). Morgunblaðið bls. 32.



lögar voru settar fram „í nánu samráði við Félag íslenskra leikskóla-kennara og þáverandi formann þess, Selmu Dóru Þorsteinsdóttur.“<sup>34</sup>

Þessar hugmyndir þróuðust áfram og Björn Bjarnason menntamálaráðherra skipaði starfshóp vorið 1995 til þess að gera tillögur um innihald og skipulag náms fyrir leikskólakennara á háskólastigi. Í þeiri nefnd áttu sæti fulltrúar frá Félagi íslenskra leikskólakennara, Fósturskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og ráðuneytinu. Samhliða þessu nefndarstarfi áttu Guðmundur Heiðar, forstöðumaður Kennaradeilda, og Guðrún Alda Harðardóttir, formaður Félags íslenskra leikskólakennara, viðræður um hvernig mætti koma málinu fram. Þegar hér var komið var það yfirlýst stefna stjórnvalda að menntun grunnskólakennara og leikskólakennara yrði á sama stigi eftir aldarfjórðungs aðskilnað, háskólastigi, og unnið var að frumvarpi um uppeldisháskóla á vegum ráðuneytisins. Markmiðið var að sameina Fósturskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskabjálfaskóla Íslands undir einum hatti og taka um leið af tvímæli um að menntun þessara stéttu færi á háskólastig.

Ráðherra áttaði sig á að ekki þurfti að bíða eftir samþykkt þessara laga hvað varðaði leikskólakennaranám við HA og heimilaði með bréfi, dags. 5. mars 1996, að stofna námsbraut í leikskólakennslu við Kennaradeildina.

Aðeins viku síðar skipaði háskólanefnd HA vinnuhóp til þess að undirbúa stofnun leikskólabrautar og útbúa lýsingu á námi leikskóla-

Pann 14. október 2022 fór fram málþingið Par sem heimspeki og menntun mætast – til heiðurs Guðmundi Heiðari Frímannsyni sjötugum. Á þinginu kom margt fólk saman og hér eru, talið frá vinstri, þær Sigríður Margrét Sigurðardóttir og Anna Elísia Hreiðarsdóttir; lektorar við Kennaradeild, í félagsskap Sigurðar Þórs Salvarssonar blaðamanns og Guðrúnar Öldu Harðardóttur; sem var fyrsti fastráðni kennarinn að leikskólabraut og stjórnandi hennar um árbil.

<sup>34</sup> Árbók Háskólans á Akureyri 1992–1997, bls. 14.



Vísindasmiðja í mars 2007.  
Kristin Dýrfjörð dósent  
fylgist vel með og skráir  
það sem fram fer.

kennara á háskólastigi. Nefndarmenn voru Guðrún Alda Harðardóttir, formaður Félags leikskólakennara, Trausti Þorsteinsson, fræðslustjóri Norðurlandsumdæmis eystra, og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, lektor við kennaradeild, sem jafnframt var formaður. Starfsmaður var Anna Þóra Baldursdóttir, þá lektor við rekstrardeild HA.<sup>35</sup>

Vinnuhópurinn gekk ötullega til verka og niðurstaða hans var að leggja til stofnun leikskólabrautar sem legði megináherslu á listir og sköpun, leikskólafræði, heimspeki, umhverfi og náttúru og samþettingu þessara greina. Þeirra áhersla gætir að verulegu leyti enn. Tillögur vinnuhópsins voru samþykktar lítið breyttar á deildarfundi Kennaradeilda og í háskólanefnd vorið 1996.

Í þessum tillögum kom hugtakið leikskólafræði fyrir í fyrsta sinn og gert var ráð fyrir umtalsverðri samkennslu með grunnskólabraut. – Seinna varð vísindasmiðja til innan brautarinnar þar sem fór og fer fram fjölbreytt og samþött nám, einkum í listgreinum. – Frá upphafi var jafnframt ákveðið að fara aðra leið í vettvangsnámi en fram að því hafði tiðkast í leikskólakennaranámi og var bæði lítið til fyrirkomulagsins á grunnskólabraut en einnig annarra fagstéttu erlendis, svo sem hjúkrunarfræðinga og iðjuþjálfa. Meðal annars var unnin umfangsmikil handbók fyrir nema og vettvangsnámskennara en slík bók var nýjung í námi leikskólakennara.<sup>36</sup>

Ráða þurfti stjórnendur og kennara að hinni nýju braut. Á þessum tíma höfðu fáir leikskólakennrar meiri menntun en grunnnmenntun við Fósturskóla Íslands. Örfá höfðu hafið meistaránam við Kennaraháskóla Íslands, þeirra á meðal Guðrún Alda Harðardóttir. Hún varð brautarstjóri hinnar nýju brautar að undangenginni auglýsingum um starfið og 27 nemendur voru teknir inn haustið 1996. Af þeim hópi brautskráðust fyrstu sextán leikskólakennnararnir eftir þriggja ára háskólanám með BEd-grádu 5. júní 1999.<sup>37</sup>

Þetta voru mikil tímamót í menntun stéttarinnar og það leið ekki langur tími þar til önnur slík litu dagsins ljós því árið 2008 var gerð krafa um meistarapróf til þess að öðlast starfsréttindi sem leikskóla-, grunnskóla- og/eða framhaldsskólakennari.<sup>38</sup> Af því leiddi að síðustu nemarnir sem fengu starfsleyfi að loknu BEd-námi brautskráðust þremur árum síðar, 2011.

Fljóttlega eftir að nám leikskólakennara var flutt á háskólastig heyrðust raddir meðal „eldri“ leikskólakennara um að það gæti orðið verðandi kennurum erfitt að koma út á starfsvettvang og mæta þar gamla tímanum og menntun hans. Á leikskólabraut voru þessar áhyggjur

Árið er 1999, ég að verða þrítug þriggja barna móðir, og það er kominn tími á að ákveða hvað maður vill verða þegar maður verður stór.

Á þessum tíma má segja að almenn háskólamenntun hafi verið að ryðja sér til rúms, fólk eins og ég farið að finna að stúdentspróf var ekki sá endapunktur sem það hafði verið. Þegar fæðingarlorfi vegna yngsta sonarins lauk stóð valið milli þess að mennta sig meira eða fara á vinnumarkaðinn án sérhæfingar. Mig langaði að mennta mig meira og þegar ég fór að skoða málín kom ekkert til greina annað en að fara í nám í heimabyggð, enda með þrjú lítil börn á aldrinum eins til fjögurra ára á heimilinu. Jarðfræði hafði alltaf heillað – en þá þurfti að flytja suður – svo hvað var hægt að læra á háskólastigi hér heima á Akureyri? Jú, meðal annars leikskólakennarafræði. Elsta barnið var komið í leikskóla og mér leist ágætlega á þá – þetta gæti alveg verið eitthvað skemmtilegt sem væri að minnsta kosti í lagi að prófa! Svo ég skráði mig og beið spennt eftir haustinu. Þetta reyndist heillaspor því ég starfa enn í leikskólageiranum – búin að nota skólan í heimabyggð aftur til að ná í meistaragráðu og er orðin leikskólastjóri.

Ég er ekki frá Akureyri og ég sá fljóttlega þegar ég kom í skólan að ég þekkti engan í bekknum. En það skipti engu máli – hópurinn náði fljóttlega vel saman og við bæði lærðum og skemmtum okkur saman og tókumst á við sorgir og sigra. Þarna myndaðist vinskapur sem heldur enn í dag þó auðvitað hafi fólk dreifst um allt og böndin séu missterk.



Anna Lilja Sævarsdóttir,  
skólastjóri leikskólans  
Iðavallar; nemandi við  
Kennaradeild HA 1999–  
2002 og 2010–2012.

<sup>35</sup> Leikskólabraut við kennaradeild Háskólans á Akureyri: lokaskýrsla vinnuhóps. (1996).

Háskólinn á Akureyri.

<sup>36</sup> Guðrún Alda Harðardóttir og Kristín Dýrfjörð. (1999). *Handbók um vettvangsnám í leikskólabraut HA*. Háskólinn á Akureyri.

<sup>37</sup> Árbók Háskólans á Akureyri 1997–1999. (2000).

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ritstjóri), bls. 84.

<sup>38</sup> Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.



Afrakstur vinnu með  
dásemdir náttúrunnar.

fyrir voru. Námsleiðin var aðeins boðin einu sinni en margir leikskólkennarar með eldra próf hafa bætt við sig námi með því að taka námskeið við Kennaradeild.

Skortur á sémerenntuðu starfsliði hefur lengi verið viðloðandi í leikskólum. Fósturskóli Íslands hafði forgöngu um fjarnám og árið 1992 brautskráðist fyrsti farnemahópurinn. Fljótlega eftir að leikskólabraut HA komst á legg tóku að berast fyrirspurnir um mögulegt fjarnám, sérstaklega ef hægt væri að haga því á þann veg að fólk með mikla starfsreynslu væri gert kleift að komast inn í skólann. Þessar óskir fíllu í frjóa jörð, enda Kennaradeild og skólanum öllum ætið ljúft að koma til móts við hugmyndir um fjarnám, sem samtímis styrkir byggðir og gerir fjölbreytta búsetu eftirsóknarverðari en ella.

Fjarnámið var í upphafi kennt með staðarnáminu. Nemar sátu saman í tínum og kennt var í gegnum myndfundabúnað um svokallaða háskólabrú. Námið var skipulagt sem fjögurra ára nám og fyrsti hópurinn brautskráðist vorið 2003. Það voru nemar á Akureyri og Sauðárkróki. Fyrirkomulagið gekk ekki til lengdar og var ákveðið að skipta farnemum og staðarnemum í two aðskilda námshópa. Má því segja að um skeið hafi þróast samhliða hreint fjarnám og staðarnám. Háskólinn á Akureyri gerði formlega samninga við nokkur sveitarfélög um stuðning við fjarnámið, þann fyrsta við Kópavogsbæ vorið 2000.

Ég man nú ekki alveg hvort fjarnámið byrjaði fyrsta veturinn okkar eða annan. Þá var settur upp fjarfundabúnaður til þess að nemendur annars staðar af landinu gætu setið tíma. Á nútímmamælikvarða, þegar nemendur geta verið í kennslustundum í fjærverum, var þessi búnaður auðvitað hrikalega frumstæður þó hann hafi verið bylting á sínum tíma. Við staðnemarnir vorum nú samt ekkert voðalega hrifnir, í minningunni voru þetta heilu dagarnir sem við biðum eftir að búnaðurinn virkaði á báðum endum, og á meðan sáum við í stofnum og biðum því kennsla gat ekki hafist fyrr en allt var klárt.

Það að geta stundað nám án þess að þurfa að flytja úr heimabyggð er gríðarlega mikilvægt fyrir einstaklinginn, en ekki síður fyrir öll samfélöginn á landsbyggðinni. Fólk sem sinnir námi heiman frá er líklegt til að vera um kyrrt, starfa áfram í sínu landsbyggðarsveitarfélagi og efla þannig og auðga samfélög um allt land.

*Anna Lilja Sævarsdóttir*



Um almennar skipulagsbreytingar á kennaranáminu við HA á fyrstu árum aldarinnar er áður fjallað en of lítil nýliðun í hópi leikskólkennara er sífellt áhyggjuefni. Af þeim sökum var búið til nýtt námsframboð við deildina, tveggja ára diplóma í leikskólafræði, árið 2014. Námsleiðin var skipulögð þannig að auðvelt var að halda áfram að loknum tveimur árum og fullnusta BEd- og MEd-próf til þess að öðlast kennraréttindi. Samhliða var skipulögð sérstök aðgerð í kjölfar sameiginlegs átaks HA, HÍ, stéttarfélaga kennara og fleiri aðila til þess að fylga leikskólkennaranemum. Sú aðgerð fólst í úthringjátaki þar sem starfsmenn Kennaradeildar hringdu í stjórnendur leikskóla, ræddu um námið við deildina og óskuðu eftir að það yrði kynnt starfsmönnum. Undirtektir voru hvarvetna góðar og vonandi varð verkefnið einhverjum réttindalausum starfsmönnum leikskóla hvatning til náms.

Annað verkefni af sama meiði leit dagsins ljós á fyrri hluta árs 2023 þegar sett var af stað vinna við að þróa „fagháskólanám í leikskólafræðum á landsvísu“ í samvinnu Háskólangs á Akureyri og Háskóla Íslands. Tilgangurinn er að auka aðsókn að kennaranámi og efla fagmenntun í leikskólum með því að fylga kennurum. Þetta nám hófst um haustið sama ár.

*Fjölmennur hópur brautskráðist með BEd-próf í leikskólafræði í júní 2006, samtals 67 nemendur, og er það stærsti hópur verðandi leikskólkennara í sögu Kennaradeilda Guðmundur Heiðar Frímannsson deildarforseti og Margrét Jensína Þorvaldsdóttir brautarstjóri sitja í fremstu röð fyrir miðju.*

Kristján Kristjánsson, heimspekingur og professor við Háskólan í Birmingham, Anna Ólafsdóttir, dósent við Kennaradeild, og Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, á 25 ára afmæli Kennaradeilda í nóvember 2018.



### Fimm ára kennaranám

Umræða um lengingu kennaranáms úr þremur árum í fjölgum var lífleg um og eftir 1990 og það mun hafa verið nokkuð viðtekin skoðun í Kennaraháskóla Íslands að stofnun Kennaradeilda við Háskólan á Akureyri hafi seinkað ákvarðanatöku þar um. Áður hefur verið minnst á fyrirheit Ólafs G. Einarssonar menntamálaráðherra um þá lengingu í umræðum á Alþingi í febrúar 1992, þegar hann fullyrti að gert væri ráð fyrir að hún kæmist til framkvæmda, „í einu eða öðru formi,“ haustið 1993. Af þeirri lengingu varð ekki, hver sem ástæðan raunverulega var.



Maria Steingrímsdóttir og Halldóra Haraldsdóttir, dósentar við Kennaradeild HA, hætu báðar störfum sumarið 2019 eftir langt og farsælt starf að skólamálum.



Á tíunda áratugnum fór fram víðtæk alþjóðleg umræða um skipan háskólanáms, sem náði ákveðnum áfanga með Bologna-yfirlýsingunni, er menntamálaráðherrar 29 Evrópuríkja undirrituðu árið 1999. Markmiðið var að búa til samevrópskt háskólaumhverfi sem auðveldaði nemendum, kennurum og fræðimönnum að fara á milli Evrópulanda til náms og starfa. Þetta leiddi til þess að staðla þurfti námseiningar (European Credit Transfer System, ECTS) og námsgráður, svo hægt væri að meta hvort tveggja á milli landa. Þróun þessa samstarfs hefur staðið allar götur síðan og nær nú til margra ríkja.

Annað atriði sem snertir háskólaumhverfið í heild sinni er samstarf um gæðaeftirlit með háskólamenntun í aðildarríkjum. Það er mikilvæg saga sem fellur utan ramma þessa rits.

Eitt af því sem leiddi af Bologna-yfirlýsingunni var skilgreining á fjölda námsára og námseininga til fyrstu og annarrar háskólagráðu. Ákveðið var að hvert námsár væri samtals 60 ECTS einingar og að til þess að ljúka fyrstu háskólagráðu þyrfti að ljúka 180 einingum eða að jafnaði þremur námsárum. Til þess að fullnægja kröfum til meistaragráðu þyrfti síðan 120 einingar í viðbót eða tvö námsá. Þegar þetta lá fyrir var nokkuð ljóst að umræða um fjögurra ára kennaranám var úr sögunni og eina spurningin var sú hvort þrjú ár væru nægileg eða hvort rétt væri að lengja námstímann í fimm ár. Niðurstaðan varð fimm ár og árið 2008 töku gildi lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla

Kristín Adalsteinsdóttir professor hætti störfum sumarið 2014 og var kvödd á deildarfundi Kennaradeilda að viðstöðdu starfsfólk Miðstöðvar skólapróunar (Ms). Á myndinni sjást, talin frá vinstrum: Guðmundur Engilbertsson, Sigrún Stefánsdóttir svíðsforseti, Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, Hermína Gunnþórssdóttir, Sólveig Jónsdóttir (sitjandi), Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, sérfræðingur á Ms, Rós Kristín Júlíusdóttir (sitjandi), Sólveig Zophoni-asdóttir, sérfræðingur á Ms, Jenny Gunnbjörnsdóttir, sérfræðingur á Ms, María Stein-grímsdóttir (sitjandi), Póra Rós Geirsdóttir, sérfræðingur á Ms, Halldóra Haraldsdóttir, Jórunn Elíðóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Kristín Adalsteinsdóttir og Þorlákur Axel Jónsson. Í forgrunni sést í hnakkann á Sigríði Margréti Sigurðardóttur.

*Kennaranemarnir (frá vinstri) Kristbjörg Marta Aðalsteinsdóttir, Nanna Rán Brynjarsdóttir, Berglind Vala Valdimarsdóttir og Kamila Kinga Swierczewska kynntu nám í Kennaradeild á Opnum dögum í Háskólanum á Akureyri 26. og 27. október 2023.*



og framhaldsskóla.<sup>39</sup> Samkvæmt þeim var starfsheiti kennara lögverndað og menntunarkrafa til allra starfsheitanna í meginatriðum sú sama, það er meistarapróf. Aðdragandi lagasetningarinnar var langur og allt frá árinu 2005 hafði farið fram mikil vinna innan Kennaradeilda til að undirbúa komandi breytingar, meðal annars á vegum ýmissa starfshópa. Sá fyrsti skilaði af sér vorið 2005. Álit hans var að rétt væri að lengja kennaranámið í fimm ár og samþykkti deildarfundur strax í júní að skýrslan yrði grunnur að frekari stefnumótunarvinnu.<sup>40</sup>

Umræðan næstu misseri verður ekki rakin hér en þegar séð var hvert stefndi skipaði rektor HA starfshóp árið 2008 undir forystu Trausta Þorsteinssonar, forstöðumanns Skólaþróunarsviðs, til þess að gera tillögur um framtíðarskipan kennaranáms við skólann. Hópnum var ætlað að hafa til hliðsjónar frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara, stefnu HA og samning milli Menntamálaráðuneytis og háskólans um kennslu og rannsóknir, og taka tillit til fyrirhugaðrar sameiningar deilda. Hópurinn nýtti sér margvísleg gögn, svo sem aðalnámskrár og námsskipulag í Kennaradeild, eldri skýrslur og nám- og kennsluskrár annarra kennaramenntastofnana innanlands sem utan, auk þess sem mið var tekið af sýn Kennaradeilda og viðmiðum um æðri menntun og prófgráður (nr. 80/2007). Kallað var til samræðna við aðila á öllum skólastigum og samtök kennara og skólastjórnenda, fyrst og fremst úr skólasamféluginu í næsta starfsumhverfi háskólans, við stjórnendur og starfsmenn Kennaradeilda og deildarstjóra námskrárdeilda Menntamálaráðuneytis. Námsnefndir leikskóla- og

<sup>39</sup> Lög nr. 87/2008.

<sup>40</sup> Háskólinn á Akureyri: ársskýrsla 2005. (2006). Laufey S. Sigurðardóttir (ritstjórn), bls. 16. Háskólinn á Akureyri.



grunnskólabrautar unnu síðan að nýjum nám- og kennsluskrám á grundvelli skýrslu starfshópsins.<sup>41</sup>

Í ljósi þess að lögin gerðu sömu menntunarkröfu til allra kennara um meistarapróf eða sambærilegt og sveigjanleika varðandi kennslu á ólíkum skólastigum var ákveðið að bjóða upp á kennaranám á öllum skólastigunum þremur. Áhersla var lögð á að móta heilstætt fimm ára kennaranám þannig að nemendur innritist til náms í kennarafræði án tillits til skólastigs í anda nýrra laga en innritun skyldi vera í tveimur þrepum, til bakkalárprófs og meistaraprófs.

Fyrri hluti kennaranáms varð þriggja ára nám til bakkalárprófs, BEd. Fyrsta árið var öllum kennaranum samkennt. Með því var talið að það flæði sem lögin gerðu ráð fyrir milli skólastiga styrktist og að skilningur ykist á nauðsynlegri samvinnu og samskiptum milli þeirra. Á öðru ári völdu nemendur sér sérhæfingu eftir því á hvaða skólastigi þeir vildu hasla sér völl en gert var ráð fyrir ákveðinni skörun á milli skólastiga í samræmi við 3.–5. grein löggildingarlaganna. Á þriðja ári var val um þrjú kjörsvið.

Síðari hluti námsins varð tveggja ára meistaránám til MEd-prófs sem er forsenda kennsluréttinda. Þar var lögð áhersla á dýpri umfjöllun um uppeldis- og kennslufræði, nám á vettvangi og þrjátíu eininga meistaraprófsritgerð í samræmi við það stig og svið sem nemendur velja.

*Frá afmælismálþingi Kennaradeilda 2023. Í fremstu röð sitja, talið frá vinstri: Kristín Margrét Jóhannsdóttir lektor, Eyðís Einarsdóttir verkefnisstjóri, Svava Björg Mörk lektor og Rannveig Oddsdóttir lektor.*

<sup>41</sup> Framtíðarskipan kennaranáms við kennaraskor hug- og félagsvísendadeilda: greinargerð starfshóps. (2008). Háskólinn á Akureyri.

Fjarnám var nú skipulagt sem fullt nám og kennt samhliða staðarnámi um myndfundabúnað. Jafnframt var inntak kennslu- og uppeldisfræði hið sama á öllum skólastigunum þremur þó reynt væri að laga það að hverju skólastigi fyrir sig. Áfram var lögð mikil áhersla á langt samfellt vettvangsnám og æfingakennslu sem fól í sér misserisnám á fimmtra ári, en styttra vettvangsnám á fyrstu þremur námsárunum.

Þetta heildstæða fimm ára nám hófst haustið 2009 og jafnframt var námi í kennslufræði til kennsluréttinda breytt. Fyrsti hópurinn úr BED-hluta fimm ára námsins, 22 nemendur, var brautskráður vorið 2012. Nám á fjórða ári hófst haustið 2012 og fyrstu kennaranemar með fimm ára nám að baki brautskráðust vorið 2014.

## Framhaldsnám

Framhaldsnám hófst í Kennaradeild haustið 1994 þegar farið var af stað með nám til kennsluréttinda. Nokkrum árum seinna bættust við diplóma- og meistaranám. Hér verður drepið stuttlega á helstu áfanga í sögu þessara námsleiða en að öðru leyti vísast til fyrra kafla þar sem farið er yfir almenna þróun deildarinnar.

Kennaraskortur í grunn- og leikskólum hafði lengi verið viðvarandi vandamál og sama átti við um framhaldsskóla. Af hálfu fræðsluyfirvalda var reynt að mæta vandanum á ýmsan hátt, meðal annars með fjarnámi og sérskipulögðu námi í kennslu- og uppeldisfræði til kennsluréttinda. Árið 1993 hafði Bernharð Haraldsson, skólamestari Verkmenntaskólans á Akureyri og formaður samstarfsnefndar framhaldsskóla á Norðurlandi, samband við Guðmund Heiðar, forstöðumann Kennaradeilda, og vakti máls á nauðsyn þess að bjóða nám af þessu tagi norðanlands. Talið var að um þrjátíu manns í framhaldsskólum á svæðinu þyrftu á slíku námi að halda auk stórs hóps leiðbeinenda í grunnskólum.<sup>42</sup>

Erindið hlaut skjótan framgang því háskólanefnd samþykkti strax í nóvember 1993 tillögu Guðmundar Heiðars um að efna til námsins og Menntamálaráðuneytið heimilaði það fyrir sitt leyti með bréfi dags. 28. apríl 1994. Í bréfi ráðuneytisins var jafnframt tekið fram að ekki væri svigrúm til aukinna fjárveitinga til skólans vegna hinnar nýju námsleiðar.

Í áætlunum var gert ráð fyrir 25 nemendum. Inntökuskilyrði voru að nemendur hefðu lokið háskólaprófi eða væru iðnmeistarar í samræmi



Rannsóknarping Kennaradeilda var haldið 24. janúar 2013. Jean McNiff, prófessor við York St John háskólan og sérfræðingur í starfendarannsóknum, var sérstakur gestur þingsins og átti auðvelt með að fanga athygli viðstaddir.

<sup>42</sup> Nám í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda: kennsluárin 1994–1995 og 1995–1996: starfsskýrsla. (1996), bls. 1. Háskólinn á Akureyri.

Fyrstu meistaraneinarnir sem brautskráðust frá Kennaradeild HA voru Halldór Valdimarsson, Hrafnhildur Sólrun Sigurgeirs dóttir og Rósa Kristín Júlíusdóttir. Rósa Kristín kom til starfa við deildina sama ár, 2003, og sést hér við kennslu. Faglegar áherslur hennar voru einkum kennslufreði myndlista, gildi fagurfræði og mikilvægi lista og listsköpunar í daglegu lífi barna og ungmenna.



Kennsluréttindanámið, eins og það var jafnan nefnt, var skipulagt sem tveggja ára nám og kennsla fór fram í staðbundnum lotum. Það var nýjung og má ef til vill segja að þetta hafi verið fyrsta fjar- og lotunámið við HA. Nemendur dvöldu í skólanum fáeina daga í senn, nokkrum sinnum yfir skólaárið. Þess á milli unnu þeir bæði ýmis einstaklings- og hópverkefni.

Umræða um meistaránám að loknu grunnnámi skaut fljótegla upp kollinum á vettvangi Kennaradeilda. Sú umræða leiddi til þess að skipaður var starfshópur til að vinna skýrslu um möguleika á meistaránami og skilaði hann af sér í október 1999. Formaður hópsins var Anna Þóra Baldursdóttir, sem þá var orðin lektor við deildina. Ætlunin var að vinna að útfærslu á hugmyndum um diplómunám með áherslu á tómstundafræði og var þar byggt á ársgamalli skýrslu rektorsskipaðs starfshóps um námsbraut í íþrótt- og/eða tómstundafræðum. Þann hóp hafði leitt Janus Guðlaugsson íþróttatrafæðingur. Þegar til kom þótti þessi afmörkun óþarflega þróng og starfshópur Önnu Þóru benti í skýrslu sinni á að háskólinn hefði lagalega heimild til að skilgreina og bjóða upp á framhaldsnám. Kennaradeildin væri vel sett með mannafla og starfsfólk hennar byggi yfir faglegri hæfni til að taka að sér kennslu á meistarastigi. Þá taldi hópurinn að framhaldsnám myndi styrkja allan grundvöll deildarinnar, næg eftirspurn væri eftir því og þörf fyrir endurmenntun af ýmsu tagi.<sup>43</sup>

Starfshópurinn gerði tillögu um þrjár námsleiðir: eins árs diplómunám sem jafnframt væri fyrra ár meistaránáms, tveggja ára meistaránám og einstaklingsmiðaða námsleið í diplóma- og meistaránámi þar sem nemendur tækju bæði sameiginlegan kjarna og sérhæfð námskeið.

<sup>43</sup> Framhaldsnám við kennaradeild Háskólans á Akureyri: áfangaskýrsla. (1999). Háskólinn á Akureyri



Gert var ráð fyrir að nemendur gætu sótt námskeið við aðrar innlendar eða erlendar háskólastofnanir. Loks var stungið upp á símenntunarkerfi sem væri þannig háttað að nemandi gæti safnað námseiningum saman yfir tiltekið tímabil í stærri heild. Þetta síðastnefnda gekk ekki eftir.

Þessar hugmyndir voru ræddar á vettvangi deildarinnar og forstöðumanní falið að kynna þær á vettvangi háskólaráðs, sem samþykkti að hefja námið á haustmisseri 2000. Þegar til kom mættu sautján nemendur til leiks. Aðeins var innritað í námskeið fyrra ársins þá og aftur árið eftir svo það var ekki fyrr en haustið 2002 sem síðari hluti námsins hófst. Næsta vor, í júní 2003, brautskráðust fyrstu þrír meistaraneinarnir frá Kennaradeild. Námið var fyrst og fremst ætlað starfandi kennurum og öðrum þeim sem vildu auka við þekkingu sína og/eða rannsóknarhæfni í menntunarfræðum. Aðsókn var nokkuð jöfn næstu árin en breytingar urðu fyrirsjáanlegar eftir lagabreytinguna árið 2008. Hún leiddi með tímanum til þess að framhaldsnáminu var skipt á milli tveggja námsbrauta.

Annars vegar var framhaldsnám til leyfisbréfs að loknu BEd-prófi eða öðru háskólaprófi sett undir kennarabraut. Sú skipan hefur haldist óbreytt síðan og sumarið 2023 var hún á þann veg að innan brautarinnar er tveggja ára (120 eininga) nám í menntunarfræðum til MEd- og MT-gráðu. Munurinn á þeim tveimur gráðum felst í því að hinni fyrnefndu lýkur með þrjátíu eininga rannsóknarverkefni en

Bergljót Þrastardóttir, lektor í menntunarfræði, varði doktorsritgerð sína við Menntavísindasvið Háskóla Íslands 18. október 2023. Hún er hér fyrir miðju ásamt leiðbeinendum sínum, þeim Steinunni Helgu Lárusdóttur, professor emerita, og Ingólfí Ásgeiri Jóhannessyni professor. Hann var aðalleiðbeinandi Bergljótar og var professor við Kennaradeild HA áður en hann flutti suður.

Talið frá vinstri eru hér Anna Karen Úlfarsdóttir, verkefnistjóri á Hug- og félagsvísindasviði og sér að mestu um þjónustu svíðsskrifstofunnar við Kennaradeild, Heida Kristín Jónsdóttir, skrifstofustjóri svíðsins, og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor í Kennaradeild. Myndin er tekin haustið 2022.



þeirri síðarnefndu með námskeiðum einvörðungu. Á kennarabraut er einnig boðið eins árs (60 eininga) diplómanám. Það er ætlað þeim sem lokið hafa meistaraprófi í kennslugrein og vilja afla sér leyfisbréfs.

Hins vegar er menntavísindabraut þar sem námið er ætlað kennurum og öðrum sem vilja efla starfshæfni og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námsleiðir eru tvær. Annars vegar er 120 eininga rannsóknartengt meistararanám til MA-prófs og hins vegar er 60 eininga viðbótarnám ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka hæfini sína til starfa. Áherslusvið í MA-námi eru endurskoðuð reglulega og í kennsluskrá skólaársins 2022–2023 voru þau fimm: Almennt svið; Nám og læsi – lestrarfræði; Nám og margbreytileiki – sérkennslufræði; Stjórnun og forysta í lærðómssamfélagi; Upplysingatækni í námi og kennslu. Tvær námsleiðir voru til 30 eininga diplómu. Annars vegar starfstengd leiðsögn ætluð kennurum sem leiðsegja kennaranemum á vettvangi og nýjum kennurum í starfi og hins vegar forysta í lærðómssamfélagi sem eykur hæfni kennara til að taka forystu og leiða uppbyggingu og þróun lærðómssamfélags í skólum.<sup>44</sup> Kjarnanámskeiðum þurfa öll að ljúka óháð áherslusviði.

Skipulag námsins tekur mið af þörfum þeirra sem stunda nám með starfi. Kennsla fer fram í staðbundnum lotum nokkra daga í senn. Í upphafi var kennt á laugardögum og sunnudögum en því var fljólega hætt. Á fyrstu árunum var einnig boðið upp á sumarmisseri en deildinni var gert að leggja það af.

<sup>44</sup> Ársskýrsla 2022. (E.d.). Guðrún María Kristinsdóttir (ritstjórn). Háskólinn á Akureyri, bls. 29–30.

Þótt nokkur reynsla væri komin á starfsemi Kennaradeilda er meistaranáminu var hleypt af stokkunum var við ýmsa byrjunarörðugleika að etja. Þá mátti ekki síst rekja til þess að háskólinn var enn vanbúinn að húsnaði og nauðsynlegum kennslubúnaði.

Þegar litið er um öxl er óhætt að segja að meistaranámið hefur sannað sig svo um munar. Mörg athyglisverð rannsóknarverkefni hafa verið unnin á ýmsum þáttum skólastarfs á þremur skólastigum og tengast þau eðlilega flest þeim áherslusviðum sem deildin hefur boðið hverju sinni.

## Skólapróunarsvið

Í 25 ára afmælisriti Háskólans á Akureyri er kafli um Miðstöð skólapróunar, sem er sjálfstæð eining innan Hug- og félagsvísindasviðs skólans. Það sem hér segir er mikið stytt útgáfa af því sem þar kemur fram.

Upphafið má rekja til ársins 1998 þegar fjögurra starfsmanna Skólapróunarsvið varð til innan Rannsóknarstofnunar HA (RHA). Með samningi háskólans við Akureyrarbæ um skólapjónustu (1999) tók hann að sér að veita leik- og grunnskólum bæjarins sérfræðipjónustu á grundvelli gildandi laga um leikskóla og grunnskóla. Í samningnum var kveðið á um aðgengi skóla bæjarins að faglegri þekkingu innan HA, einkum Kennaradeilda, og frumkvæði HA til að efla skólastarf með ráðgjöf og útbreiðslu þekkingar. RHA sá í upphafi um framkvæmd samningsins fyrir hönd háskólans.

Starfið attí að beinast að því að efla leik- og grunnskóla á Akureyri sem faglegar stofnanir. Á deildarfundi Kennaradeilda 31. október 2001 var samþykkt tillaga þess efnis að stofnað yrði til Skólapróunarsviðs innan deildarinnar og verkefni flutt þangað frá RHA. Megin tilgangurinn var að færa kennslufræðilega þjónustu við skólana á Akureyri nær fræðasviði Kennaradeilda og tengja hana enn frekar þeirri þekkingu sem innan hennar var.

Skólapróunarsviðinu var þannig ætlað að vera gagnkvæmur farvegur þekkingar út til starfandi kennara í skólum landsins og frá þeim inn í háskólan. Viðfangsefnin lutu að hvers konar próunar- og umbótastarfi á öllum skólastigum, meðal annars ráðgjöf og fræðslu til kennara, skólastjórnenda og annars fagfólks er starfar að fræðslumálum. Sviðið hafði forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skóla- og kennslumála, það stóð fyrir rannsóknum á skólastarfi og hélt ráðstefn-



Gunnar Gislason hefur verið forstöðumaður Miðstöðvar skólapróunar síðan 2019.

Sérfræðingar Miðstöðvar skólaþróunar 2022, frá vinstri: Sigríður Ingadóttir, Jenný Gunnbjörnsdóttir, Íris Hrönn Kristinsdóttir og Anna Sigrún Rafnsdóttir.



ur ásamt því að annast umsýslu samnings Háskólans á Akureyri við Akureyrarbæ um sérfræðiljónustu við skóla bæjarfélagsins.

Fagleg ábyrgð á starfsemi Skólaþróunarsviðsins var allan tímann á hendi Trausta Þorsteinssonar forstöðumanns, en auk hans störfuðu þar sérfræðingar í menntavísindum og stundum komu kennarar úr Kennaradeild að vinnu með þeim.

Við sameiningu deilda árið 2008 varð Skólaþróunarsviðið sjálfstæð eining innan Hug- og félagsvísindadeilda en þegar nafni hennar var breytt í Hug- og félagsvísindasvið árið 2009 var heiti Skólaþróunarsviðs breytt í það sem nú er, Miðstöð skólaþróunar.

## Framlag til fræða og samfélags

Með stofnun Kennaradeilda opnuðust nýjar leiðir til menntunar norðanlands. Tækifæri sköpuðust fyrir fólk sem ekki hafði áður haft möguleika á að afla sér háskólamenntunar og með breikkuðu námsframboði háskólans fjölgandi háskólamenntuðu fólk á Akureyri og í nærsveitum. Slíkt hefur áhrif í bæði bráð og lengd og leiðir til auðugra mennta- og menningarlifs en ella. Að einhverju leyti er líklega unnt að segja hið sama um áhrif fjarnámsins víðar um land og síðar þess sveigjanlega náms sem einkennir skólastarfið síðustu árin.

Einn mælikvarði á það hversu vel Kennaradeild hefur gengið að ná upphaflegum markmiðum sínum er að athuga hversu margar einstaklingar deildin hefur brautskráð á þrjátíu ára ferli sínum. Þá ber að hafa í huga að mörg hafa brautskráðst oftar en einu sinni, það er hafa lokið fleiri en einni námsgráðu. Lítum fyrst á fjölda brautskráninga frá upphafi þeirra 1996 til ársloka 2023.

• BEd-gráða	1147
• MEd-gráða	355
• MA-gráða	91
• MT-gráða	192
• Kennsluréttindi	739
• Annað	296
<b>• Samtals</b>	<b>2820</b>

Á bak við samtluna 2820 eru alls 2383 einstaklingar. Til útskýringar skal tekið fram að þau 296 sem fara í flokkinn „Annað“ hafa lokið diplómum af ýmsu tagi sem ýmist eru áfangar á lengri námsleið ellegar viðbótarsérhæfing við fyrra nám. Sé rýnt frekar í tölurnar kemur fram að af þeim 1147 sem lokið hafa BEd-prófi eru 251 sem gerðu það árið 2014 eða síðar. Það ár voru fyrstu brautskráningarnar úr tveggja ára MEd-framhaldsnáminu. Þessi 251 hafa því ekki átt rétt á leyfisbréfi nema bæta við sig.

Erna Jónsdóttir brautskráðist sem grunnskólakennari frá Kennaradeild HA árið 2004. Hér er hún með nemendum sínum í Brekkuskóla snemma árs 2006.



Engin leið er að vita hversu mörg þeirra sem brautskráðust fyrir 2014 sóttu um leyfisbréf að námi loknu en frá og með því ári voru leyfisbréfin afhent þegar við brautskráningu. Að mati Stefáns Jóhannssonar, sérfræðings hjá gagnagreiningu HA, virðast um 2070 einstaklingar hafa lokið námi sem veitti rétt til leyfisbréfs á árabilinu 1996–2023. Stærstu hóparnir eru þau 896 sem luku BEd-námi meðan það dugði til kennsluréttinda og kennsluréttindahópurinn, samtals 1635 einstaklingar.

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um það hversu mörg brautskráðra fóru til kennslustarfa (eða héldu þeim áfram) að námi loknu né heldur um starfsaldur þeirra við kennslu. Á hinn bóginn er vitað að hátt hlutfall nemenda við HA sest að á landsbyggðinni, úr Kennaradeild sem öðrum deildum. Það hefur til dæmis haft þau áhrif að hlutfall kennara með full starfsréttindi á Norðurlandi eystra hefur hækkað verulega á starfstíma deildarinnar þrátt fyrir nokkrar sveiflur. Í meðfylgjandi töflu eru tölur frá þremur árum sem sýna þessar breytingar en á vef Hagstofu Íslands er unnt að rekja þær frá ári til árs. Tölurnar eru ekki fyllilega sambærilegar á milli skólastiga því í leikskólum sýna þær fjölda og hlutfall leikskólakennara af heildarfjölda starfsfólks, en í grunnskólum sýna þær fjölda og hlutfall grunnskólakennara af þeim sem fást við kennslu.



### Fjöldi og hlutfall kennara í leikskólum og grunnskólum á Norðurlandi eystra 1998–2021<sup>45</sup>

Ár	Leikskólakennrarar		Grunnskólakennrarar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>1998</b>	85	25%	326	70%
<b>2010</b>	208	42%	471	90%
<b>2021</b>	186	35%	463	89%

Til samanburðar skal þess getið að hlutfall leikskólakennara á landinu öllu var hið sama og á Norðurlandi eystra við upphaf þessa tímabils, 25%. Það hækkaði í 31% árið 2010 en lækkaði svo á ný í 23% árið 2021. Í grunnskólum voru samsvarandi tölur 83% fyrir landið í heild árið 1998, 92% árið 2010 og 84% árið 2021.

Af þessum tölum má sjá að staða Norðurlands eystra hefur breyst allmikið á starfstíma Kennaradeilda HA og verður að teljast nokkuð sterk sé litið til landsins í heild. Það er ekki sjálfgefið að þá þróun megi alla rekja til deildarinnar en hún hefur örugglega haft marktæk áhrif. Þessi breyting á menntunarstigi kennara ætti síðan að skila sér í betri menntun barna og unglingsa þótt fleira hafi áhrif, til dæmis viðhorf foreldra, venjur og viðhorf innan nærsamfélagsins og hefðir í skólunum sjálfum.

Allmargir kennrarar Kennaradeilda hafa tekið þátt í margvíslegum þróunarverkefnum og starfendarannsóknum úti í skólum landsins og

Bryndís Sóley Gunnarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur til BEd-prófs í júní 2018 og aftur frá Hug- og félagsvínsinda-sviði fyrir hæstu meðaleinkunn í framhaldsnámi til MEd-gráðu tveimur árum síðar. Á myndinni til vinstrí tekur hún við fyrri viðurkenningunni úr hendī háskólaarektors.

Margrét Þóra Einarsdóttir hlaut viðurkenningu frá Hug- og félagsvínsinda-sviði fyrir hæstu meðal-einkunn meistaranaema við Háskólan á Akureyri við brautskráningu í júní 2023. Á myndinni til hægri eru auk hennar Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir, forseti Kennaradeilda, og Thomas Barry, forseti Hug- og félagsvínsinda-sviðs.

<sup>45</sup> Hagstofa Íslands. (2023, 6. júní). <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/>



Anna Þóra Baldursdóttir, fyrverandi lektor og formaður Kennaradeilda.

með því styrkjast tengsl háskólans við vettvang. Það sama gerist með tengslum sem skapast milli háskólans og starfandi kennara, sem taka að sér leiðsögn kennaranema í vettvangsnámi og æfingakennslu, og þeirra skóla sem þeir starfa hjá. Fullyrða má að gagnkvæmur ávinnungur er af slíku samstarfi.

Tíu ára afmælis Kennaradeilda var minnst með samkomu 6. september 2003. Þar flutti Anna Þóra Baldursdóttir, þáverandi lektor og brautarstjóri framhaldsbrautar deildarinnar, erindi um framlag Kennaradeilda til fræða og starfsumhverfis kennara þann áratug sem liðinn var frá stofnun hennar. Hún byggði upplýsingar sínar aðallega á samtölum við skólaþólf á Akureyri og nágrenni, auk eigin reynslu. Anna Þóra sagði meðal annars:

Greinilega hefur komið fram hjá viðmælendum mínum, að skólanir á nánasta starfssvæði háskólans, upplifa nálægð við Kennaradeild og bein tengsl við fræðasamfélög sitt mjög jákvætt og hvetjandi. Jafnframt að kennrar skynja það sem styrk, að vita af Kennaradeild í svo mikilli nálægð og á þetta jafnt við um kennara sem þegið hafa menntun sína hér og hina sem ekki hafa gert það. Segja má, að þetta séu einhvers konar huglæg áhrif, sem eru mikilvæg, ekki síður en þau faglegu, en þau síðar nefndu fela meðal annars í sér að meira frambóð er nú af námskeiðum, fræðslufundum og ráðstefnum hér á svæðinu, þannig að starfsmenn hafa fjölbreyttara val og skólum er kleift að gefa fleirum tækifæri til þess að afla sér endurmenntunar. Jafnframt veitir þetta starfsmönnum deildarinnar oftar tækifæri til þess að koma þekkingu sinni á framfæri. Tengslin eru svo sannarlega gagnvirk.<sup>46</sup>

Þessi orð Önnu Þóru eru enn í fullu gildi og því má halda fram með rökum að Kennaradeildin hafi orðið hvati að þróun og breytingum á kennaranámi á Íslandi. Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóli Íslands) bauð og býður vissulega fjölbreytilegri menntunarkosti en Kennaradeild HA getur gert í krafti meiri mannafla, fleiri nemenda og hefðar. Kennaradeild HA átti þess hins vegar kost að ryðja nýjar brautir í þróun vettvangsnáms og leggja upp með háskólamenntun fyrir leikskólakennara, svo eitthvað sé nefnt, og naut þar meðal annars ungs aldurs og þess vilja til nýsköpunar sem gjarnan fylgir nýjum stofnunum, samheldni starfsmanna og smæðar einingarinnar.

Það er athyglisvert að í skýrslu nefndar menntamálaráðherra frá 1992 var ekkert sagt um rannsóknir og hlut þeirra í hinni nýju deild.

<sup>46</sup> Anna Þóra Baldursdóttir. (2003). *Framlag kennaradeilda til fræða- og starfsumhverfis kennara*. Óbirt erindi.

Til dæmis var ekki sett fram sú skoðun að fastir akademískir starfsmenn deildarinnar eigi að beina rannsóknum sínum að tilteknum viðfangsefnum umfram önnur. Þar var fyrst og fremst fjallað um kennslu og uppbyggingu hennar og vissulega fór mest orka í þá þætti fyrstu árin. En rannsóknir hófust fljótega, svo sem í siðfræði og á eðli og aðstæðum fámennra skóla. Nú spanna þær vítt svið skólastarfs, menntavísinda og fleiri fræðigreina.

Ég leyfi mér að fullyrða að skólasamfélagið á Akureyri sé alveg einstaklega ríkt af því að hafa Kennaradeild og öfluga Miðstöð skólapróunar í bakgarðinum. Mörg tækifæri hafa skapast til samstarfs. Móttaka kennaranema í styttra og lengra vettvangsnámi og æfingakennslu hefur verið mér og skólasamfélagini þyðingarmikil. Þá er ekki síður mikilvæg þátttaka við menntarannsóknir, að njóta faglegs stuðnings við innleiðingu ýmissa verkefna, stuðnings við uppbyggingu góðs bekkjaranda og stuðnings við að efla nám og kennslu. Ég veit að víða um land horfa kennarar og skólastjórnendur til okkar öfundaraugum vegna þessa mikla og góða samstarfs Akureyrarbæjar og skólanna. Það er mikilvægt að viðhalda þessu samstarfi og jafnvel efla það enn frekar.

Kennaranámið hefur tekið breytingum og svarað kalli nútímans. Við sem vorum í kennaranámi 1996–1999 unnum ekki með námi og við mættum í skólann alla daga – og flesta tíma. Núna er megnið af kennaranemum í vinnu með náminu. Líklega missa þau af einhverju sem fylgir því að vera í staðnámi. Samtöl og félagsleg samvera – félagslegt nám. En þau græða líka. Þegar maður er á vettvangi samhliða kennaranámi er tækifæri til að tengja fræði við vettvang og hið daglega starf. Þannig verða verkefni og kennsluáætlanir mögulega raunhæfari og merkingarbærari en þær kennsluáætlanir sem við reyndum af veikum mætti að útbúa í gamla daga – með ímyndaðan bekk þar sem væri að minnsta kosti einn með einhvers konar frávik. Lausnirnar voru ákaflega einfaldar í okkar huga á þeim tíma. Raunveruleikinn leiddi annað í ljós. Sem sviðsstjóri fræðslumála fagna ég því að kennaranemar starfi úti í leik- og grunnskólamálum bæjarins. Þannig njóttum við góðs af vinnuframlagi þeirra meðan þau mennta sig, því það er svo sannarlega áskorun að manna skóla í dag.

Kristín Jóhannesdóttir



Ivar Rafn Jónsson, lektor í menntunarfræði, varði doktorsritgerð sina við Menntavísindasvið Háskóla Íslands 18. maí 2022.

Í lok september 2017 fóru þrír kennaranemar á sex eininga námskeið í Lettlandi á vegum Nordplus. Viðfangsefnið var umfjöllun um jafnrétti, fjölmenningu og skóla án aðgreiningar á Norðurlöndum og í baltnesku löndunum þremur. Á myndinni eru, frá vinstri: Þóra Kristín Þórarinsdóttir, Sólveig María Árnadóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, sem hafði umsjón með verkefninu, og Heida Björg Guðjónsdóttir.



Rannsóknir á skólapróun hafa eflst og kennarar hafa tekið þátt í að búa til skólapróunarlikan auch þess að rannsaka fagmennskuhugtakið með tilliti til kennara, forystuhæfni og skólastjórnunar. Skólastarfið er rannsakað frá mörgum hliðum í leik- og grunnskólum, til dæmis menning skólastofnana og samfélag þeirra, samskipti kennara og nemenda, kennsluhættir, námsmat, foreldrasamstarf, mat á skólastarfi og starfsaðstæður kennara. Þá hefur samskipta- og upplýsingatækni í skólastarfi verið rannsókuð á fleiru en einu skólastigi og hið sama gildir um vettvangsnám og æfingakennslu, leiðsagnarhlutverk æfingakennara og hvað bíður hins nýja kennara þegar á hólminn er komið.

Rannsóknir um hlutverk kennara í skóla án aðgreiningar, ásamt rannsóknum á máli, málþroska barna og leshömlun, eiga sterkan sess í deildinni. Mikið brautryðjendastarf hefur verið unnið í lestrarfræði og skiptir þar miklu öflugt samstarf við Skólapróunarsvið og síðar Miðstöð skólapróunar og má fullyrða að það hafi haft umtalsverð áhrif á lestur, ritun og lestrarkennslu – á læsi yfirleitt.

Nám barna, unglings og fullorðinna er sífellt til athugunar og kennarar hafa tekið þátt í þvermenningarlegum samanburðarrann-

sóknum á meðal annars heilsu, lífskjörum og líðan unglings. Sama er að segja um rannsóknir á listgreinakennslu í leik- og grunnskólum og gildi hennar. Nokkuð hefur verið skrifað um skólasögu og frumkvöðlastarf hefur verið unnið við að festa grenndarfræði í sessi. Sú vinna tengist rannsóknum á umhverfi, umhverfismennt, sjálfbærni og menningu nærsamfélagsins.

Rannsóknir í íslensku eru helstar um breytingar á íslensku nútíma-máli, setningafræði og barnabókmennir. Kennarar hafa meðal annars tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um síðastnefnda þáttinn þar sem aflað var upplýsinga um lestrarvenjur 8–11 ára barna í Evrópu og notkun barnabókmennita í skólastarfi. Þá eru nokkrir þeirra upphafsmenn Barnabókaseturs, rannsóknarseturs um barnabókmennir og lestur barna við Háskólann á Akureyri, sem stofnað var til í samstarfi við fleiri aðila 4. febrúar 2012.

Rannsóknir eru iðkaðar um margt fleira við Kennaradeild og ógerningur að gera öllu skil. Kennarar eru virkir þáttakendur í öflugu samstarfi innanlands og utan, þeir sækja og flytja fyrilestra á ráðstefnum, birta fræðilegar greinar og sitja í ritstjórnunum innlendra og erlendra tímarita. Þessu samstarfi, rannsóknum kennara og þátttöku nemenda,



Brynhildur Þórarinsdóttir  
dósent.

Fjölsótt málþing um barnabókmennir var halddið í húsi Kennaradeildaðar við Þingvallastræti 23 í apríl 2007. Kristín Steindsdóttir rithöfundur er við þúltið.





Starfsfólk Kennaradeilda  
og Miðstöðvar skólaþróunar  
á góðri stund.

er gjarnan lýst stuttlega í ársskýrslum háskólans sem aðgengilegar eru á heimasíðu hans. Góð dæmi eru eftirfarandi frásagnir:

Kennaradeild tók þátt í alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga. Má þar nefna sem dæmi kennaraheimsóknir í tengslum við Erasmus-samninga HA og áframhaldandi þátttöku deildarinnar í samnorrænu Baltic Nordplus verkefni kennaramenntunarstofnana, *Network for Teacher Education*. Samstarfið felur meðal annars í sér sameiginlegt námskeiðahald þeirra skóla sem taka þátt en þeir eru, auk Íslands, frá Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Í samstarfinu felst hönnun námskeiðanna, kennsla og þátttaka nemenda þátttökuskólanna í þeim, sem geta mest orðið fjórir frá hverju landi. Haustið 2017 var boðið upp á námskeiðið *Comparative Aspects of Social Justice Equity, Diversity and Inclusion in Education in Baltic-Nordic Countries*, CASED, og tóku þrír nemendur frá kennaradeild þátt í því.<sup>47</sup>

<sup>47</sup> Ársskýrsla 2017. (E.d.),  
bls. 26.

Kennaradeild tók þátt í alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga árið 2022, meðal annars í rannsóknarverkefnum sem lúta að kennaranámi og starfsþróun kennara. Má þar nefna norræna rannsókn um gæði kennslu og þróun kennaranáms, *Quality in Nordic Teaching (QUINT)*, sem nokkrir fræðimenn Kennaradeilda eru aðilar að, en það verkefni er styrkt af Nordforsk 2018–2024. Á vegum þeirrar rannsóknar stóðu kennarar deildarinnar fyrir einingabæru starfsþróunarnámskeiði fyrir starfandi grunnskólkennara vorið 2022. Kennarar gerðu upptöku af eigin kennslu og greindu gæði kennslunnar út frá ákveðnum viðmiðum. ... *Menntafléttan – námssamfélög í skóla- og frístundastarfi* er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HA, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Margir kennarar deildarinnar komu að kennslu í starfsþróunarnámskeiðum fyrir starfandi kennara og skólastjórnendur.<sup>48</sup>

Loks skal nefnt að meistaránámið við Kennaradeild hefur verið kennurum öflugur hvati því þeir tengja verkefni nemenda í ríkum mæli við eigin rannsóknarsvið. Þeir meistarar sem brautskráðst hafa frá deildinni starfa langflestir við skóla og aðrar menntastofnanir og má leiða sterkar líkur að því að menntun þeirra skili sér vel inn í íslenskt skolasamfélag, bæði í naerumhverfi háskólans og vítt um land.

Af öllu framansögðu má fullyrða að stofnun Kennaradeilda við Háskólann á Akureyri hefur markað eftirtektarverð spor í íslenskt menntaumhverfi. Þar gildir einu hvort litið er til faglegs starfsvettvangs kennara á öllum skólastigum ellegar þeirra rannsóknarsviða sem starfsmenn deildarinnar hafa helgað krafta sína. Næsta skref er yfirstandandi vinna við að afla heimildar til doktorsnáms. Mikilvægt er að sú heimild fáiist sem fyrst.



Garðar Águst Árnason  
þrófessor.

<sup>48</sup> Ársskýrsla 2022. (E.d.),  
bls. 30.

## Magister – félag kennaranema

Saga félags kennaranema við Háskólann á Akureyri hefst árið 1994 þegar það var stofnað. Á þeim tíma var það fjórða deildarfélagið við skólann. Markmið þess hafa ávallt verið að gæta hagsmunu kennaranema og vera málsvari þeirra innan skólangs sem utan ásamt því að vinna að aukinni samheldni meðal stúdentar og standa fyrir skemmtunum og gleðskap. Félagar eru allir stúdentar sem stunda nám við Kennaradeild við Háskólann á Akureyri.

Áherslur og viðfangsefni hafa breyst í gegnum árin eins og námsið og námsfyrirkomulagið við Kennaradeild. Nefna má lengingu námsins í fimm ár og það að nú þarf meistaragráðu til þess að öðlast kennsluréttindi, breytingar á fyrirkomulagi náms og kennslu með tilkomu fjarnáms, kennslu um myndfundabúnað og það að hverfa frá staðarnámi yfir í sveigjanlegt nám. Nýjasta viðbótin er MT-leiðin innan framhaldsnámsins.

Nemendur úr Kennaradeild HA á árshátið Félags stúdentar við Háskólann á Akureyri 13. mars 2023.



Ég er herra Magister. Eða það er það sem ég var kallaður á tímabili þar sem ég var eini karlmaðurinn sem tók virkan þátt í félagslifi Magisters og Félags stúdenta við HA. Sprellmótið, íþróttamót, árshátiðir og fleiri minni viðburðir, hvort sem Magister skipulagði þá fyrir fólkid í kennaranáminu eða FSHA gerði það fyrir heildina. Ég tók þátt í þessu flestu. Magister var alltaf litla félagið og einhverra hluta vegna einblínir fólk á það ef einn (eða örfáir) úr hópnum er af öðru kyni en hitt fólkid. Það var því tekið vel eftir því að ég, karlmaður, hélt uppi fána félagsins ásamt öðrum kennaranemum.



Hlutverk stúdentafélaga og stjórna þeirra eru margvísleg. Kjörnir fulltrúar sinna til dæmis mikilvægum skyldum á deildarfundum, í námsnefndum og matsnefndum, á deildarráðsfundum og fræðasviðsfundum, og í Gæðaráði HA. Á fundum er fulltrúinn rödd stúdenta ásamt því að gæta hagsmunu þeirra hverju sinni. Í námsnefnd Kennaradeilda hafa fulltrúar tækifæri til þess að hafa áhrif á breytingar innan deildarinnar og taka þátt í að þróa nýjar námsleiðir. Einnig hefur mikilvægt starf farið fram í Gæðaráði í gegnum árin, nýjust var þátttaka stúdenta í innleiðingu á samtalsmiðuðu námskeiðsmati. Stúdentar hafa einnig tekið virkan þátt í sjálfsmatsvinnu Kennaradeilda og aðstoðað stúdenta varðandi málefni sem tengjast hagsmunamálum þeirra. Sem dæmi má nefna að fyrir nokkrum árum var haldinn opinn fundur kennaranema vegna áförmödra breytinga á leyfisbréfum kennara. Þar ræddu stúdentar drög að frumvarpi til nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (nr. 95/2019) og hvaða breytingar samþykkt þess gæti haft á samsetningu námsins. Í framhaldi af þeim fundi sendi stjórn félagsins, ásamt stjórn félags stúdenta við HA, frá sér umsögn í samráðsgáttina þar sem jafnhliða voru ræddir kostir frumvarpsins og þeir þættir sem þörfnuðust endurskoðunar. Með þessu kom stjórn Magister málefnum stúdenta á framfæri og rödd þeirra skipti máli.

Með árunum hefur þróast gott og mikilvægt samstarf við Kennarasamband Íslands. Stjórnir félagsins hafa fundað með forystu KÍ ásamt því að forysta KÍ hefur komið norður og hitt kennaranema á spjallfundum þar sem félags- og kjaramál eru kynnt og rædd. KÍ hefur einnig sent fulltrúa Magisters ásamt fulltrúa frá kennaranem-



Kennaranemar á sprellumóti.

um við Menntavísindasvið HÍ á NLS Studerandeforum, sem er árleg ráðstefna um samstarf og áherslumál kennaranema á Norðurlöndunum. Eftir hverja ráðstefnu er gerð sameiginleg skýrsla eða yfirlýsing um það sem á að vera forgangsmál næsta árið í öllum þátttökum löndunum. Má segja að samstarf Magister og KÍ sé í sífeldri þróun.

Í gegnum tíðina hefur Magister selt alls konar peysur til styrktar félagini og má ætla að víða finnist ólíkar gerðir af peysum sem tengdar eru góðum minningum frá námstímanum. Árið 2018 var merki félagsins breytt og það nútíma vætt. Efnt var til samkeppni og boðin verðlaun fyrir vinningstillöguna. Sett voru skilyrði um að logoð bæri með sér að það sé merki fyrir kennaranema og lýsandi fyrir kennaranámið. Þáttakendur sendu inn hugmyndir sínar undir dulnefnum og í atkvæðagreiðslu þáverandi stjórnar bar logoð Dettifoss sigur úr býtum. Hugmyndin að baki merkinu er sú að menntun sé mikilvægur lykill til framtíðar. Hönnuður þess er Louisa Hackl.

Þegar kemur að gleði hefur stjórn Magister lagt sitt af mörkum til þess að gera félagslífð sem öflugast. Magister hefur þannig tekið

virkan þátt í að skipuleggja, undirbúa og halda utan um sameiginlega viðburði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA) ásamt öðrum aðildarfélögum. Vert er að nefna viðburði eins og Nýnemadaga, lotuhittinga, Sprellmót, Stóru vísó og próflokaskemmtanir. Skemmtilegt er að segja frá því að nemendur Magister stóðu uppi sem sigurvegarar á Sprellmóti háskólans þrjú ár í röð, 2021, 2022 og 2023, en þannig hefur það ekki alltaf verið. Sólveig María Árnadóttir, formaður Magister 2016–2017, lítur um öxl:

Ég hóf nám við HA haustið 2015. Við vorum mjög þéttur og góður hópur sem hóf nám á sama tíma og fylgdumst að. Við tókum virkan þátt í félagslífini og á þessum tíma var Magister óvirkasta aðildarfélag SHA. Ég man til dæmis eftir fyrsta Sprellmótinu mínu þar sem við vorum örugglega átta sem tókum þátt frá Magister, við skemmtum okkur konunglega en þáttakan var vandræðalega léleg. Svona var þetta fyrstu árin mín í náminu og ég man hvað mér þótti þetta leiðinlegt, sérstaklega því Kennaradeildin er mjög fjölmenn. Síðustu ár hef ég þó fylgst með Magister þroskast og dafna. Í dag er félagið mjög virkt, það er auðvelt að fá stúdenta við Kennaradeild til að fjölmenna á viðburði og félagið er með metmætingu á Sprellmót og árshátið ár eftir ár, mig hefði aldrei órað fyrir því.

Það má með sanni segja að Magister hefur ekki setið auðum höndum síðastliðin þrjátíu ár. Félagið, stjórn þess og stúdentar við Kennaradeild Háskólans á Akureyri hafa margt til málanna að leggja og munu vonandi halda því áfram um ófyrirséða framtíð.

## Formenn Magister 1993 – 2023

1994–1996	Hulda Gunnarsdóttir
1996–1997	Ellen Jacqueline Calmon
1997–1998	Hólmfríður Árnadóttir
1998–1999	Guðrún Sigríður Guðrúnardóttir
1999–2000	Elín Sigríður Arnórsdóttir
2000–2001	Sigurlaug Elva Ólafsdóttir
2001–2003	Ingibjörg Ósk Pétursdóttir
2003–2004	Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir
2004–2005	Sigrún Lára Sverrisdóttir
2005–2006	Lísbet Patrísia Gísladóttir
2006–2007	Sigríður Guðrún Guðjónsdóttir



Sólveig María Árnadóttir, fyrrverandi formaður Magister og Félags stúdenta við Háskólan á Akureyri.



Merki Magister hafa verið tvö. Híð eldra er ofar (höfundur ókunnur) en nýverandi merki er neðar (höfundur Louisa Hackl).

2007–2008	Ágústa Berglind Hauksdóttir
2008	Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir
2009	Þorbjörg Dagný Kristbjörnsdóttir
2010–2012	Þorbjörg Ólafsdóttir
2012–2013	Heike Viktoria Kristínardóttir
2013–2014	Jenný Þorsteinsdóttir
2014–2015	Hafdís Kristný Haraldsdóttir
2015–2016	Hrefna Hlín Sigurðardóttir
2016–2017	Sólveig María Árnadóttir
2017–2018	Heiða Björg Guðjónsdóttir
2018	Karen Ósk Kristjánsdóttir
2019–2020	Helena Sjørup Eiríksdóttir
2020–2022	Sólveig Birna Elísabetardóttir
2022–2023	Dagmar Ólina Gunnlaugsdóttir
2023–	Bryndís Eva Stefánsdóttir



## Húsnæði og önnur aðstaða

Ólafur Búi Gunnlaugsson, þáverandi forstöðumaður fasteigna og rekstrar við Háskólann á Akureyri, skrifaði góðan kafla um húsnæðismál skólans í afmælisrit hans frá 2012 (bls. 211–224). Fyrri hluti þess texta sem hér fer á eftir byggir í grunninn á þeim upplýsingum sem þar koma fram og samantekt um húsnæðismál skólans í ársþárinu 2005. Það sem segir um tímabilið síðasta rúma áratuginn hvílir aðallega á samræðum höfundar við samferðafólk á vettvangi auk eigin reynslu.

Starfsemi Háskólans á Akureyri hófst í sambýli við Verkmenntaskólann á Akureyri í húsi gamla Iðnskólans við Þingvallastræti 23. Um það segir í samantekt Ólafs Búa:

Iðnskólahúsið var hannað og byggt sem skólahús og þar höfðu starfsmenn háskólans aðstöðu en kennslan sjálf fór fram í tweimur stofum í Íþróttahöllinni handan Þórunnarstrætis. Háskólinn fékk smám saman aukin afnot af húsinu og vorið 1990 fékk hann það allt til umráða að undanskildum ákveðnum hluta neðstu hæðar sem Verkmenntaskólinn nýtti áfram til trésmíðakennslu. Þegar VMA flutti starfsemi trésmíðadeildarinnar í framtíðarhúsnæði sitt á Eyrarlandsholti árið 1999 fékk háskólinn húsið allt til afnota (bls. 211–212).

Þegar Kennaradeildin tók til starfa haustið 1993 var ætlunin að öll starfsemi hennar yrði í Þingvallastræti en vegna fjölda innritaðra reyndist það ekki hægt. Niðurstaðan varð sú að leigja sal til kennslu í félagsheimili Knattspyrnufélags Akureyrar fyrsta skólaárið. Það var nánast örþrifaráð því salurinn hentaði starfseminni illa og aðstaða nemenda var óviðunandi á margan hátt. Þar sem háskólinn átti hvorki fyrillestrasal né nægilega stóra kennslustofu var leitað áfram að betri aðstöðu, sem fannst árið eftir í glænýju húsi Oddfellowa við Sjafnarstíg sem tekið var í notkun haustið 1994. Þar er rúmgóður salur sem háskólinn tók á leigu strax það haust og hafði þar aðstöðu uns



*Haraldur Bessason sagði  
oft frá því að Háskólinn  
á Akureyri hafi aðeins átt  
eina bók þegar hann hóf  
starfsemi sína, Bókina um  
manninn. Hér er Haraldur  
með þá góðu bók í höndun-  
um.*

